

Stefnan sett!

Um náms- og starfsval
Kennsluleiðbeiningar



Efnisyfirlit

Til kennara	3
Uppbygging efnisins	3
Markmið	3
Notkun – kennslutilhögun	4
Samstarf kennara, námsráðgjafa og forráðamanna	5
Heimildir	6
1. hluti – Að huga að framtíðinni	8
2. hluti – Að taka ákvörðun	13
3. hluti – Kynjaskiptur vinnumarkaður og jafnrétti kynjanna	18
4. hluti – Vinnumarkaðurinn	23
5. hluti – Ferilskrár	32
6. hluti – Að skapa sína eigin velgengni	35
7. hluti – Skólakerfið	38
8. hluti – Að sækja um skóla / Innritun í framhaldsskóla	43

Stefnan sett! – Um náms- og starfsval
Kennsluleiðbeiningar

© 2011 Helga Helgadóttir

Vefútgáfa
Námsgagnastofnun
Kópavogi

Ritstjórn: Aldís Yngvadóttir og Sýlvía Guðmundsdóttir
Faglegur yfirlitur: Ásdís L. Grétarsdóttir og Fanný Gunnarsdóttir
Yfirlitur: Þórdís Guðjónsdóttir
Umbrot: Arnar Guðmundsson

Til kennara

Þegar grunnskólanámi lýkur standa nemendur á tímamótum. Þeir standa frammi fyrir því að taka mikilvægar ákvarðanir um áframhaldandi nám eða starf, ákvarðanir sem geta mótað og haft afgerandi áhrif á lífshlaup hvers og eins. Framboð menntunar í íslensku skólakerfi hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár. Vinnumarkaðurinn tekur einnig stöðugum breytingum, til verður ný þekking og ný störf. Allt þetta kallar á þörf ungmenna fyrir **markvissa fræðslu**, trausta aðstoð og stuðning. Námsefnið *Stefnan sett!* er ætlað til kennslu í náms- og starfsfræðslu á unglíngastigi grunnskólans.

Uppbygging efnisins

Námsefnið *Stefnan sett!* skiptist í

- **kennsluleiðbeiningar** (á vef)
- **verkefnablöð** sem eru prentuð af vef.
- **nemendaspjöld** þar sem fram koma mikilvægar upplýsingar. Spjöldunum er komið fyrir í möppu til að auðveldara sé að varðveita þau, sjá nánar um nemendamöppu.
- **vef** þar sem finna má kennsluleiðbeiningar, verkefni og tengla á ýmsar vefsíður sem tengjast námsefninu og gagnvirka áhugakönnun. Vefurinn er ætlaður bæði kennurum og nemendum.

Leitast hefur verið við að hafa efnið sveigjanlegt þannig að hægt sé að nota það með ýmsu móti. Það skiptist í átta hluta (kafla) sem leggja má fyrir í heild en einnig velja úr ákveðna hluta eða verkefni til að nota í 8., 9. og/eða 10. bekk, allt eftir því hvernig náms- og starfsfræðsla er skipulögð og kennd í viðkomandi skóla. Síðasta hlutann, sem fjallar um að sækja um í framhaldsskóla, ætti þó ávallt að leggja fyrir í 10. bekk.

Ef efninu er skipt á þrjú ár mætti hugsa sér að kenna fyrsta og annan hluta í 8. bekk, þriðja, fjórða og fimmta hluta í 9. bekk og sjötta, sjöunda og áttunda hluta í 10. bekk og bæta við öðru efni sem er vísað til. Það hentar vel með öðru námsefni í náms- og starfsfræðslu eins og vefefninu *Margt* er um að velja.

Markmið

Meginmarkmið námsfnisins *Stefnan sett!* eru

- að nemendur kynnist þeim náms- og starfsmöguleikum sem þeim standa til boða.
- að efla færni nemenda við að taka ákvarðanir sem byggjast á sjálfsþekkingu og sjálfstæði.
- að fræða nemendur um kynbundið náms- og starfsval, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna (nr. 96/2000) en þar segir að í náms- og starfsfræðslu í skólum skuli leitast við að

kynna bæði piltum og stúlkum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf.

Námsefnið *Stefnan sett!* tekur mið af áfanga- og lokamarkmiðum aðalnámsskrár í lífsleikni frá árinu 2007. Þar segir meðal annars:

Nemendur:

- geri raunhæfar áætlanir um náms- og starfsleiðir er standa til boða við lok grunnskóla og geti nýtt sér ráðgjöf og upplýsingatækni í þeim tilgangi
- geti sett sér markmið og framtíðaráætlun til að stefna að og hafi unnið úr upplýsingum um námsleiðir í framhaldsskólum með tilliti til áhuga og framtíðaráforma hvað varðar störf og atvinnutækifæri
- geti nýtt sér þekkingu og ráðgjöf náms- og starfsráðgjafa, sem í boði er í skólanum, um náms- og starfsleiðir
- öðlist áráði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt og átti sig á samhengi þessa við að setja sér markmið er lúta að framtíðinni
- læri að vega og meta áhrif fyrirmynda og staðalmynda í mótun eigin ímynda og lífsstíls.

Notkun – kennslutilhögun

Efnið skiptist í átta hluta eins og áður segir. Gert er ráð fyrir að hver hluti geti tekið allt frá tveimur upp í fjórar eða fimm kennslustundir í yfirferð. Þar eð afar mismunandi er eftir skólum hve mikill tími er ætlaður til náms- og starfsfræðslu þarf hver kennari að sníða sér stakk eftir vexti.

Kennsluáðferðir sem stuðst er við í þessu efni eru fyrst og fremst **umræður** og **verkefnavinna**. Umræðurnar þjóna þeim tilgangi að draga fram vitneskju og reynslu nemendanna sjálfra af efninu. Verkefnið miða að því að bæta við og festa þekkingu og hugmyndir sem nemendur hafa fyrir og komið hafa fram í umræðunum.

Umræður: Í upphafi hvers hluta í kennsluleiðbeiningum eru settar fram hugmyndir að kveikju, umræðupunktum og spurningum og jafnframt bent á tengt efni sem getur nýst í umfjölluninni. Kennari getur stuðst við punktana og spurningarnar til að koma umræðum af stað og undirbúa verkefnavinnu. Markmiðið er að hvetja nemendur til að hugsa sjálfir um einstök atriði, velja fyrir sér sínum skoðunum, ræða þær og rökstyðja og deila vangaveltum sínum með öðrum.

Verkefni: Að umræðum loknum er gert ráð fyrir að nemendur leysi verkefni, ýmist í hópi eða einir. Mismunandi er hve mörg verkefni fylgja hverjum kafla og er kennara í sjálfsvald sett hve mörg verkefni hann leggur fyrir. Leitast er við

að hafa verkefnið sem fjölbreyttust og að nemendur hafi sjálfir áhrif á námsframvinduna. Íðulega fá þeir frjálssar hendur um það hvernig þeir skila niðurstöðum. Það getur verið munnlega, skriflega, á tölvutæku formi eða jafnvel í formi teikninga og mynda. Markmiðið er þeir séu sjálfir sáttir við afraksturinn og að hann nýtist þeim þegar kemur að náms- og starfsvali.

Ígrundun: Í lok hvers viðfangsefnis er lögð áhersla á að nemendur ígrundi og átti sig á hvað þeir hafi lært af viðfangsefninu. Vita þeir til dæmis eitthvað ný sem þeir vissu ekki áður? Hvernig geta þeir nýtt sér þessa vitneskju og yfirfært hana á daglegt líf? Á nemendasþjóldum með hverjum hluta er að finna spurningar til að draga saman aðalatriði viðfangsefnisins (úrvinnsla og þælingar). Ætlast er til að nemendur svari þeim skriflega og geymi í nemendamöppu.

Mat: Í upphafi þarf að gera nemendum grein fyrir að við námsmat eru lagðir til grundvallar þættir eins og þátttaka og virkni nemenda í umræðum, vilji þeirra til að hlusta á aðra og frumkvæði við verkefnavinnu og nákvæmni í skilum. Heildarútlit og innihald nemendamöppu getur einnig verið gott viðmið þegar kemur að námsmati. Kennari getur metið vinnuframlag nemenda jafnóðum eða í lok námsins. Úrvinnsla og þælingar nemenda geta einnig komið að góðum notum við námsmat.

Nemendamappa: Mikilvægt er að nemendur safni verkefnum í nemendamöppuna. Í möppunni eru millisþjóld, eitt fyrir hvern hluta námsefnisins. Á þeim eru ýmsar upplýsingar og fróðleiksmolar til nemenda. Tilvalið er að nýta möppuna til þess að safna saman öllum verkefnum sem tengjast náms- og starfsfræðslunni, hvort sem þau tilheyra þessu námsefni eða öðru eins og áður hefur komið fram. Möppuna má nota alveg frá því náms- og starfsfræðsla hefst, jafnvel þótt annað efni sé kennt inn á milli, og þar til henni er lokið. Með þessu móti ættu nemendur að eiga gott yfirlit yfir námsferlið og ýmsar gagnlegar upplýsingar sem þeir gætu stuðst við þegar að sjálfu náms- og starfsvalinu kemur. Nemendamappan nýtist vel við námsmat. Mælt er með því að nemendur fái tækifæri til að fara í gegnum innihald möppunnar með náms- og starfsráðgjafa, kennara og forráðamönnum áður en ákvörðun er tekin um áframhaldandi nám eða starf.

Samstarf kennara, námsráðgjafa og forráðamanna

Langflestir forráðamenn koma með einhverjum hætti að náms- og starfsvali barna sinna. Því er sjálfsagt að virkja þá í tengslum við náms- og starfsfræðsluna og kynna fyrir þeim námsefnið sem lagt er fyrir. Gert er ráð fyrir að flest verkefnið séu unnin í skólanum en mörg þeirra eru þó vel til þess fallin að taka með sér heim og leysa með aðstoð eða þátttöku forráðamanna. Einnig er kjörið að senda bréf til foreldra þegar kennslan hefst þar sem námsefni er kynnt og hvetja þá til þess að ræða efnið við börn sín (sjá sýnishorn í fylgiskjali).

Misjafnt er eftir skólum hver sinnir náms- og starfsfræðslu. Nauðsynlegt er að kennarinn sem sér um það eigi gott samstarf við náms- og starfsráðgjafa um fræðsluna. Náms- og starfsráðgjafinn getur komið að kennslunni með margvíslegum hætti þótt hann kenni ekki beint, t.d. með fyrirlögn áhugakannana, ráðgjöf til kennara, viðtölum við nemendur og foreldra o.fl.

Heimildir

- Auður Pálsdóttir (2005). *Auraráð*. Vinnuhefti um fjármál. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Armstrong, Thomas (2005.) *Klárari en þú heldur* (Erla Kristjánsdóttir þýddi). Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Ásdis Olsen og Karl Ágúst Úlfsson (2001). *Kynlega klippt og skorið*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Bender, Gomes, Keen, Lemineur, Oliveira, Ondrácková, Surian og Suslova (2009). *Kompás – Handbók um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk* (Helga Jónsdóttir og Þórgunnur Skúladóttir þýddu). Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Berglind Helga Sigurþórsdóttir og Helga Helgadóttir (2004). *Margt er um að velja, vefefni*. Sótt af http://vefir.nams.is/margt_er_um_ad_velja/index.htm.
- Brauer, Leonore o.fl. (2002). *Leið þín um lífið. Siðfræði fyrir ungt fólk* (Stefán Jónsson þýddi). Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Erla Kristjánsdóttir, Jóhann Ingi Gunnarsson og Sæmundur Hafsteinsson (2004). *Lífsleikni. Sjálfstraust, sjálfsagi og samkennd. Handbók fyrir kennara og foreldra*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Námsgagnastofnun (2001). *Að ná tökum á tilverunni. Breytingar*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir (1993). *Könnun á atvinnulífinu. Vinnubók í starfsfræðslu* (2. Útgáfa). Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir (1993). *Að átta sig á skólakerfinu. Vinnubók í starfsfræðslu*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir (1994). *Fyrirætlanir minar. Vinnubók í starfsfræðslu*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Hafsteinn Karlsson og Stefanía Traustadóttir (2000). *Jafnréttishandbókin*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Hanna Kristín Stefánsdóttir (2006). *Vinnuvernd. Fræðsla fyrir ungt fólk*. Sótt af <http://vefir.nams.is/vinnuvernd/vinnuvernd.pdf>.
- Íris Arnardóttir (2010). *Huxarinn. Kennslubók í jafnréttisfræðslu*. Akureyri: Tindur.
- Jón Birgir Guðmundsson (1999). *Frá umsókn til atvinnu*. Reykjavík: Ráðgarður. Oddi hf.
- Menntaáætlun Evrópusambandsins. (e.d.). *Europass ferilskrá*. Sótt 15. maí 2011 af <http://europass.is/page/Ferilskra>.
- Menntamálaráðuneytið (2010). *Kynungabók*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Plant, Peter (1999). *Dit Livs Direktør. Uddannelses-, erhvervs- og arbejdsmarkedsorientering*. København: Alinea A/S.
- Sigrún Ágústsdóttir (2010). *Náðu tökum á náminu. Námstækni*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Vinnuáætlun. (e.d.). *Umsóknarferli*. Sótt 15. maí 2011 af <http://www.vinnuastofnun.is/atvinnuleitandi/radgjof-og-leidbeiningar/umsoknarferli/>.



Bréf til forráðamanna

Kæri forráðamaður.

Um þessar mundir erum við að hefja kennslu efnisins *Stefnan sett!* Markmið námsefnisins er að kynna fyrir nemendum þá náms- og starfsmöguleika sem þeim standa til boða og að efla færni þeirra til ákvarðanatöku sem byggist á sjálfsþekkingu og sjálfstæði. Framboð menntunar í íslensku skólakerfi hefur vaxið mikið undanfarin ár. Vinnumarkaðurinn tekur einnig stöðugum breytingum, til verður ný þekking og ný störf. Þetta kallar á þörf ungmenna fyrir trausta aðstoð og stuðning við námsval bæði í skólanum og heima fyrir.

Með þessu bréfi viljum við hvetja ykkur til þess að taka virkan þátt í náms- og starfsfræðslu barna ykkar með því að ræða við þau um áhuga þeirra, hæfileika og framtíðarsýn. Nemendur munu eflaust þurfa á aðstoð ykkar að halda við úrlausn einhverra verkefna og þá gefst kjörið tækifæri til slíkra umræðna.

Nemendur safna verkefnum sínum í möppu. Þegar kennslu efnisins lýkur ætti hún að hafa að geyma góðar upplýsingar um hugmyndir nemenda um framhaldsnám. Þegar kemur að því að velja framhaldsskóla gæti reynst gagnlegt að fara yfir innihald möppunnar með náms- og starfsráðgjafa áður en ákvörðun er tekin.

Með von um gott samstarf

1. hluti – Að huga að framtíðinni

Efni/verkfæri: Nettengd tölva, atvinnuauglýsingar úr dagblöðum, skæri, lím.

Verkefni: Þegar ég verð stór, Það sem veitir mér ánægju, Störf sem ég hef áhuga á, Styrkleikar og veikleikar, Vegvísir að settu marki, Að flokka störf eftir áhuga, Hugsað og spjallað um hugtök.

Annað efni:

Klárari en þú heldur (einkum 7. kafli um sjálfspeskingargreind)

Náðu tókum á náminu (Að setja sér markmið, bls. 20–21)

Að ná tókum á tilverunni – Breytingar – að ná sem bestum árangri (einkum 7. kafli um ákvarðanir og markmið)

Tenglar: www.idan.is, www.starfatorg.is, www.mbl.is, www.visir.is, www.vinnumalastofnun.is, www.bendill.is (Velja starfslýsingar – dæmi um störf og velja svo allar fyrir framan hvern bókstaf sem þar kemur upp.

Meginmarkmið þessa hluta er að nemendur

- hugi að eigin framtíð með tilliti til náms og starfa.
- átti sig á því að þeir hafa val um margar leiðir og að nauðsynlegt sé að kanna þær vandlega.
- þjálfist í að afla sér upplýsinga um nám og störf.
- velti fyrir sér hvar áhugi þeirra liggur.
- velti fyrir sér hvar þeir standa vel að vígi og hvar þeir gætu þurft að taka sig á (styrkleikum sínum og veikleikum).
- læri að setja sér markmið.
- velti fyrir sér hugtökum eins og hæfileiki, færni, þekking og áhugi.

Kveikja/umræða

Óformleg skoðanakönnun í bekknum á því hve margir ætla í framhaldsskóla er vel til þess fallin að vekja nemendur til umhugsunar um hvað þeir ætlist fyrir að loknu grunnskólanámi og beina athygli þeirra að mismunandi leiðum sem velja má um; verk- eða starfsnám, listnám eða bóknám. Leiða má umræðuna að því hvort nemendur hafi ákveðið hvaða skóla þá langi til að sækja og hvaða námsbraut þeir vilji innritast á. Hér gefst tækifæri til að útskýra tilgang náms- og starfsfræðslu sem er fyrst og fremst að búa nemendur undir vel ígrundað náms- og starfsval.

Framtíðin – áhugasvið – umræða

Langflest íslensk ungmenni ákveða að fara í framhaldsskóla að grunnskólánámi loknu.

- Hvers vegna ætli svo sé?
- Ætli það hafi alltaf verið þannig?
- Hvað hefur breyst?
- Eru allir framhaldsskólar eins?*
- Hvernig eru þeir ólíkir?*
- Hvaða munur er á bekkjarkerfi og áfangakerfi?*
- Hvaða munur er á verk- eða starfsnámi og bóknámi?*
- Hvaða aðrir möguleikar eru til náms í framhaldsskóla en stúdents- eða iðnpróf?*


* Nánar er fjallað um þetta í 5. kafla en gott er að fá nemendur til að leiða hugann að þessu strax í byrjun.

Þegar að því kemur að velja framhaldsnám er ýmislegt sem taka þarf með í reikninginn:

- Hvernig veljum við framhaldsskóla og námsbraut?
- Hvaða þættir hafa áhrif á það hvað við veljum?
- Áhugi og reynsla.
 - Sterkar og veikar hliðar.
 - Hvað ert þú tilbúin(n) að leggja á þig?
 - Listnám, verklegt og/eða bóklegt nám?
 - Skiptir staðsetning máli?
 - Bekkjarkerfi eða áfangakerfi – hvort kerfið passar þér betur?
- Hvers vegna skiptir máli að hafa áhuga á því námi sem verður fyrir valinu?
- Hvaða þættir skipta máli til að ná árangri í námi eða starfi?
- Hvernig getur það að setja sér markmið hjálpað til að ná árangri?

Verkefni

Í eftirfarandi verkefnum stíga nemendur fyrstu skrefin í því að skoða áhugasvið sín í tengslum við nám og störf. Einnig læra þeir að þekkja helstu styrkleika sína og veikleika og þjálfast í að setja sér markmið.



Þegar ég verð stór

Í þessu verkefni eiga nemendur að gera lista yfir störf sem þá hefur einhvern tímann langað til að vinna við. Gott er að benda þeim á að rifja upp hvað þeir ætluðu að verða þegar þeir voru litlir og fíkra sig svo smám saman að nútíðinni. Nemendur eru hvattir til að velta fyrir sér hvers vegna þeim fannst tiltekin störf spennandi og áhugaverð og hvort eitthvert starfanna höfði enn til þeirra og þá hvers vegna. Allflestir nemendur hafa aðgang að tölvu annaðhvort heima eða í skólanum. Þeir gætu því farið inn á Netið og fundið þar

upplýsingar um eitt eða tvö störf og athugað hvort það sem þar kemur fram sé í samræmi við þeirra hugmyndir. Á www.idan.is og www.bendill.is (velja starfslýsingar –dæmi um störf og velja svo allar fyrir framan hvern bókstaf sem þar kemur upp) má nálgast grunnupplýsingar um mörg störf.

Það sem veitir mér ánægju

Velja línu þar þar það hefur er sem veitir þér ánægju.
 Húðu ef það þetta sem kemur upp í dagnum!

Hvern eru áhugamála þín og hvernig stund þú þess?

Hvernar rýndu þú þess?

Hvadh hefur þú alltaf langað til að gerast?

Hvern þú dýgja máli til áhugi og nafn þú samant? Hvern vegna? / Hvern vegna ekki?

Verkefninu er ætlað að vekja nemendur til umhugsunar um að þeir hafi frá unga aldri velt fyrir sér störfum/starfsgreinum, meðvitað eða ómeðvitað, og viti hugsanlega nú þegar þó nokkuð um hvar áhugi þeirra liggur.

Það sem veitir mér ánægju

Í þessu verkefni eiga nemendur að svara spurningum um áhugamála sín og það sem veitir þeim ánægju. Svörin má teikna, skrifa eða svara munnlega. Verkefninu er ætlað að vekja nemendur til umhugsunar um að áhugi og ánægja skipta máli í því sem við tökum okkur fyrir hendur.

Störf sem ég hef áhuga á

Skilðu áttíundingsstærðir: Húðuðu eða á Netinu.
 Ef þú þessir að velja ein nafn þetta þess á þessu störfum sem auglíst eru yfir þess valdast!
 1. Skilðu eða þessir áttíundingsstærðir og henda á vefsíðu þess þess.
 2. Skilðu þessu störfum þess nafn þess valdast og henda áttíundingsstærðir þess þess.
 Ef þú þessu sem þess þess þessir áttíundingsstærðir þess þess þessu störf.
 3. Velja störf þess þess þessir áttíundingsstærðir þess þess þessu störf.
 Ef þú störf þess þessir áttíundingsstærðir þess þess þessu störf.

Lína þess eða áttíundingsstærðir.

Störf sem ég hef áhuga á

Í þessu verkefni eiga nemendur að fá þjálfun í að skoða atvinnuauglýsingar í dagblöðum og á Netinu og velja sér eitt starf sem þeir gætu hugsað sér að sækja um. Þeir þurfa að greina frá því hvers vegna þeir telja sig hæfa til að gegna starfinu og í hverju þeir þyrftu hugsanlega að bæta sig til að eiga möguleika á að fá það. Kennari ætti að skoða með nemendum hvers konar störf eru í boði hverju sinni, sýna þeim hvar atvinnuauglýsingar er að finna í dagblöðunum og hvar þær birtast á vefsíðum. Þess má geta að atvinnuauglýsingar má finna m.a. í helgarútgáfum dagblaðanna, auk þess sem þær eru á vefsíðum dagblaða, svo sem á www.mbl.is og www.visir.is.

Öll laus störf hjá ríkinu eru auglýst á www.starfatorg.is. Á www.vinumalastofnun.is undir hnappnum *leiðbeiningar við atvinnuleit* er að finna tengla yfir á heimasíður margra ráðningarskrifstofa. Oft eru líka auglýsingar um laus störf á vefsíðum stofnana og fyrirtækja. Til að nemendur fái betri yfirsýn yfir störf má flokka þau eftir starfsgreinum og velja því upp hvaða menntun og undirbúnings er krafist, hvaða afkomumöguleika þau gefa o.s.frv.

Styrkleikar og veikleikar

Það er gott að eiga sér áttíundingsstærðir og henda þess þessu störfum.
 Húðu ef þetta þessu störfum þess þess þessu störfum.
 Ef þú þessu störfum þess þess þessu störfum.

af Skilðu þess þess þessu störfum þess þess þessu störfum.
 Húðu ef þetta þessu störfum þess þess þessu störfum.
 Ef þú þessu störfum þess þess þessu störfum.

af Skilðu þess þess þessu störfum þess þess þessu störfum.
 Húðu ef þetta þessu störfum þess þess þessu störfum.
 Ef þú þessu störfum þess þess þessu störfum.


Verkefninu er ætlað að efla færni nemenda í því að afla sér sjálfir upplýsinga um störf sem vekja áhuga þeirra. Einnig að fá nemendur til að skoða styrkleika sína og veikleika og setja sér markmið um að bæta sig þar sem þeir þurfa þess með. Tilvalið er að vinna þetta verkefni í samvinnu við félagsfræðikennarann þar sem efnið tengist því sem fengist er við í þjóðfélagsfræði.

Styrkleikar og veikleikar

Þetta verkefni þurfa nemendur að hluta til að leysa heima. Það felst í því að nemendur beini kastljósinu að sjálfum sér og geri sér grein

fyrir á hvaða sviðum þeir eru sterkir og hvaða þætti þeir þurfi hugsanlega að bæta. Þeir byrja á því að skrá það sem þeim finnst sjálfum og fá svo einhvern fullorðinn í fjölskyldu sinni og góða vinkonu eða vin til að gera slíkt hið sama. Atriðin eru borin saman og nemandi velur eitt atriði sem hann telur að mikilvægt sé fyrir hann að takast á við og bæta. Markmið verkefnisins er að auðvelda nemendum að átta sig á eigin kostum og veikleikum og gera þá meðvitaða um að slík sjálfsþekking getur verið ein varða á leiðinni í tengslum við náms- og starfsval.

Vegvísir að settu marki



Undanfari þessa verkefnis er verkefnið *styrkleikar og veikleikar*. Gagnleg og árangursrík leið til þess að bæta sig í einhverju og/eða ná vissu markmiði getur falist í því að gera sér skýra áætlun. Í þessu verkefni á nemandinn að skrá hjá sér markmið (eða leiðarlök) og lýsa því hvernig hann hyggst ná því með því að teikna vörður eða leiðarvísi á blað. Skipta má leiðinni í til dæmis þrjá áfanga og tímasetja hvenær hann ætlar að hafa náð hverjum þeirra. Á vinnublaði er dæmi um úrlausn sem nemandi getur notað sem fyrirmynd.

Markmið verkefnisins er að nemendur átta sig á að skýr markmið og áætlun um hvernig þeim skuli náð auka líkurnar á góðum árangri í námi og starfi og geta rutt hindrunum úr vegi.

Að flokka störf eftir áhuga – hópverkefni/paraverkefni

Með verkefninu Starfalátbragðsleikur í 4. hluta fylgja spjöld með hinum ýmsu starfsheitum. Í þessum hluta mætti láta nemendur flokka störfin á spjöldunum eftir því hvort þeim finnst þau áhugaverð eða ekki og hvort um er að ræða inni- eða útistörf. Nemendur gætu t.d. unnið tveir og tveir saman, flokkað störfin og sagt hvor öðrum frá því hvers vegna störfin vekja áhuga þeirra og hvers vegna ekki. Einnig væri hægt að vinna með öllum hópnum í einu og skrifa hugmyndir nemenda á töflu.

Hugsað og spjallað um hugtök – hópumræður

Í þessu verkefni er gott að skipta nemendum í 4–5 manna hópa til þess að ræða áleitnar spurningar sem tengjast hugtökum eins og færni, hæfileika, þekkingu og áhuga, en öll tengjast þau námi og starfi með einhverjum hætti. Að umræðum loknum er sjálfsagt að hópar geri í stuttu máli grein fyrir niðurstöðum sínum.

Umræðuspurningar:

- Hvernig er hægt að auka færni sína á vissu sviði?
- Er mögulegt að auka færni sína ef maður hefur ekki hæfileika?
- Hvernig tengist áhugi færni og hæfileikum?
- Get ég haft áhuga á bílum þó ég hafi ekki mikla þekkingu á virkni þeirra og viðhaldi?
- Er hægt að hafa þekkingu á tónlist ef maður kann ekki á hljóðfæri?

- Er mögulegt að njóta tónlistar án þess að vera músíkalskur?
- Hvað þarf að gera til þess að hæfileikar einstaklings fái að njóta sín?
- Hver er munurinn á áhugamáli og starfi?
- Getur starf verið áhugamál?

Samantekt

Við lok þessa hluta ættu nemendur að hafa

- áttað sig á mikilvægi þess að undirbúa vel val sitt á því sem tekur við að grunnskóla loknum.
- fengið innsýn í þann stóra heim náms og starfa sem bíður þeirra.
- áttað sig á mikilvægi þess að þekkja áhuga sinn, styrkleika og veikleika í tengslum við náms- og starfsval.

2. hluti – Að taka ákvörðun

Efni/verkfæri: Engin.

Verkefni: Áhrifavaldar og fyrirmyndir, Sá á kvölinum sem á völinum, Veldur hver á heldur.

Fylgiskjöl: Klípusögur.

Annað efni:

Margt er um að velja, vefefni (verkefnin: Að vera frumlegur, Að taka ákvörðun, Gildi hvers og eins, Ferðalag og Það sem skiptir mig máli).

Tenglar: http://www.nams.is/margt_er_um_ad_velja/index.htm

Meginmarkmið þessa hluta er að nemendur

- átti sig á mikilvægi þess að taka sjálfstæða og ígrundaða ákvörðun þegar kemur að náms- og starfsvali.
- læri að vege og meta kosti og galla ólíkra ákvarðana upp á eigin spýtur.
- átti sig á hverjir og hvað eru helstu áhrifavaldar og fyrirmyndir í lífi þeirra.

Kveikja/umræða


Hve oft hafa nemendur tekið ákvörðun frá því þeir fóru á fætur? Líklega um hvað þeir fengu sér í morgunmat, í hvaða föt þeir fóru o.fl. Tilgangurinn er að fá nemendur til að átta sig á að þeir eru stöðugt að taka ákvarðanir og búa því yfir umtalsverðri leikni að því leyti. Sumar ákvarðanir eru þó mikilvægari en aðrar. Þær geta haft langvarandi afleiðingar og þarfnast þar af leiðandi ígrundunar. Geta nemendur nefnt dæmi um slíkar ákvarðanir? Hafa þeir sjálfir einhvern tímann staðið frammi fyrir erfiðri ákvörðun sem þeir vilja segja frá hvernig þeir leystu. Einnig er hægt að nota dæmi úr samtímanum eða mannkynssögunni þar sem ákvörðun hóps eða einstaklings hefur haft miklar afleiðingar í för með sér.

Að taka ákvörðun – umræða

- Hafa nemendur ákveðið eða íhugað að hvaða námi þeir stefna?
- Hafa nemendur ákveðið eða íhugað hvað þeir vilja starfa við í framtíðinni?
- Eru einhverjir alveg óákveðnir?
- Hafa nemendur unnið einhver launuð störf og þá hvaða?*
- Hvað ber að hafa í huga þegar tekin er ákvörðun um náms- og starfsval?
- Hvað er hægt að gera þegar staðið er frammi fyrir erfiðri ákvarðanatöku?

- Hvaða atriði ætli hafi mest áhrif á ákvarðanir?
 - Hvað skiptir mestu máli þegar mikilvæg ákvörðun er tekin? Hvers vegna?
- * Hér væri hægt að gera könnun og flokka störfin svo í starfsgreinar og bera saman við atvinnuskiptingu í landinu (þær upplýsingar má finna á www.hagstofa.is)


Auk verkefnanna hér neðar gæti kennari stuðst við verkefni Að vera frumlegur og Að taka ákvörðun í vefefninu *Margt er um að velja*. Í bókinni *Margt er um að velja – Að átta sig á skólakerfinu* er einnig umræða og verkefni af sama meiði. Þessi bók er til í mörgum skólum og bókasöfnum.



Verkefni


Áhrifavaldar og fyrirmyndir

Í þessu verkefni eiga nemendur að nefna tvær manneskjur sem hafa haft mikil áhrif á þá. Jafnframt eiga þeir að greina frá því hvers vegna þessar manneskjur hafa haft svo mikil áhrif og hvaða eiginleikum þær búa yfir sem þeim finnst eftirsóknarverðir. Niðurstöður skrá þeir á verkefnablað. Oft kemur í ljós að þetta eru eiginleikar sem nemendur búa sjálfir yfir eða vilja rækta með sér og getur verið gott að benda nemendum á það.



Sá á kvölinum sem á völinum

Í þessu verkefni eiga nemendur að velja á milli tveggja kosta sem geta verið báðir góðir eða báðir slæmir. Nemendur ákveða sjálfir hvorn kostinn þeir velja. Þeir teikna síðan hugarkort þar sem þeir gera grein fyrir öllum þeim kostum og göllum sem fylgja hvorri ákvörðun um sig. Tilgangurinn er sá að nemendur læri að vega og meta kosti og galla og taka ákvörðun sem þeir eru sáttir við. Meðfylgjandi er dæmi um úrlausn sem sýna má nemendum á töflu eða skjá.



Veldur hver á heldur

Í þessu verkefni eigi þú að vinna saman í hópum. Þú getur verið hluti af margvíslegri vinnu í þessum spærum að þetta sé tala ákvarðun. Þú eigi að ræða saman um þá ákvarðun sem þú hefur tekið.

a) Veldu stóra
b) Veldu litla
c) Veldu stóra og litla

Orsönd

Skilríki

Veldur hver á heldur

Kennari skiptir nemendum í hópa. Hver hópur fær eina klípusögu að vinna úr. Nemendur lesa söguna, ræða klípuna sem sögupersóna er í og hjálpa henni að taka ákvörðun. Benda skal nemendum á að íhuga vel hvaða atriði eru áhrifavaldar í lífi sögupersóna og geta því haft áhrif á ákvarðanatöku þeirra. **Í því sambandi er mikilvægt að leiða huga þeirra að áræðni, sjálfstæði og ábyrgð hvers og eins gagnvart sjálfum sér og eigin ákvarðanatöku.** Mikilvægt er að nemendur skoði bæði kosti og galla við þá ákvörðun sem tekin er og rökstyðji hana vel. Benda má nemendum á að beita má sömu aðferð og búa sér til hliðstætt skema til að styðjast við og

þeir notuðu í verkefninu hér á undan (Sá á kvölinna sem á völinna). Hver hópur kynnir svo sína niðurstöðu fyrir öðrum nemendum sem fá tækifæri til að segja sína skoðun. Gott tækifæri gefst fyrir líflegar umræður og skoðanaskipti í nemendahópnum.

Samantekt

Við lok þessa hluta ættu nemendur að

- þekkja leiðir sem hægt er að fara þegar þeir standa frammi fyrir mikilvægri ákvörðun.
- vita hverjir eru helstu áhrifavaldarnir og fyrirmyndirnar í þeirra lífi.
- gera greinarmun á því að þiggja ráð eða láta einhvern annan ákveða fyrir sig.
- gera sér grein fyrir því að þeir þurfa að vera skipulagðir við ákvarðanatöku.
- vita hvar hægt er að leita að upplýsingum og fá aðstoð.

Klípusögur

1.

Jónas er að ljúka við 9. bekk. Hann er samviskusamur og skipulagður og vill alltaf hafa vaðið fyrir neðan sig. Þess vegna er hann byrjaður að hugsa um í hvaða framhaldsskóla hann ætlar þegar þar að kemur. Jónasi finnst X mjög áhugaverður skóli. Þar er víst blómlegt listalíf og Jónasi finnst það spennandi. Hann stefnir á listnám í framtíðinni. Flestir vinir hans ætla hins vegar í Y. Jónas veit að það er fín skóli, hann er líka í hverfinu og því stutt að fara. Hann langar að halda sambandi við vini sína þótt það sé líka spennandi að kynnst nýju fólki. Foreldrar Jónasar vilja að hann fari í Z. Þeir segja að með stúdentspróf þaðan séu honum allir vegir færir. Pabbi hans var í Z þegar hann var ungur og segist ekki hafa séð eftir þeirri ákvörðun. Jónas er frekar ráðvilltur. Hvað á hann að gera?

2.

Sigrún er í 10. bekk. Hún er sterkur námsmaður og getur að öllum líkindum komist inn í hvaða skóla sem er. Hana langar mikið í skóla sem býr hana vel undir viðskiptanám því þangað stefnir hún í framtíðinni. Sigrún á kærasta sem er með henni í bekk. Hann ætlar í hverfisskólann og hefur spurt Sigrúnu hvort hún komi ekki líka þangað. Þótt Sigrún sé vanalega mjög sjálfstæð veit hún ekki alveg hverju hún á að svara. Hverfisskólinn kennir ekki mikið af viðskiptagreinum svo í rauninni væri skynsamlegt að fara eitthvað annað. Hins vegar er hún hrædd um að tengslin við kærastann rofni ef þau fara hvort í sinn skólann. Hún er mjög ástfangin af honum og vill alls ekki að það gerist. Nú er komið að því að sækja um í framhaldsskóla og Sigrún er mjög ráðvillt. Hvað á hún að gera?

✂-----

3.

Freyr er hress og skemmtilegur strákur í 10. bekk. Hann er vinsæll meðal félaganna, duglegur í íþróttum og gengur ágætlega í skólanum. Nú stendur Freyr frammi fyrir því að eiga að velja framhaldsskóla. Hann hefur alltaf haft mikinn áhuga á tísku og þykir mjög töff. Frey langar að fara til útlanda og læra fatahönnun þegar fram líða stundir. Hann heldur að nám á hönnunarbraut gæti verið sniðugt til að byrja með. Eini vandinn er að hann þekkir engan annan strák sem hefur áhuga á því sama og er því farinn að halda að fatahönnun sé bara fyrir stelpur. Hann hefur reyndar heyrt um karlkyns fatahönnuði sem eru að gera það gott svo það getur varla verið. Hann þorir samt ekki að nefna þetta við féлага sína sem eru einhvern veginn í allt öðrum þælingum. Hvað ætti hann að gera?

✂-----

4.

Jóhanna er 15 ára. Hún er afar efnileg íþróttakona og stundar bæði handbolta og fótbolta. Hún hefur leikið með unglingslandslíðum Íslands í báðum greinum og stefnir á atvinnumennsku í framtíðinni. Jóhönnu hefur ekki gengið eins vel í náminu og hún þarf að hafa mikið fyrir því. Hún kvíðir fyrir að hefja krefjandi framhaldsskólanám því íþróttirnar taka mikinn tíma. Hún hefur velt því fyrir sér hvort hún þurfi að hætta í íþróttum til að geta einbeitt sér að náminu eða hvort hún ætti jafnvel að taka sér frí frá námi að grunnskóla loknum. Henni finnst hvorugur kosturinn mjög spennandi. Hvað ætti hún að gera?

5.

Garðar er hlédrægur strákur í 10. bekk. Hann mætir vel í skólann og stendur sig nokkuð vel í sumum greinum, sérstaklega í stærðfræði. Tungumálin liggja ekki eins vel fyrir honum, hann hefur eiginlega alltaf verið í basli með þau. Garðar, sem er hagleikssmiður og líður hvergi betur en á smíðaverkstæði móður sinnar, býr í frekar fámennu þorpi úti á landi. Hann er, eins og svo margir jafnaldrar hans, að velta því fyrir sér hvaða framhaldsskóla hann eigi að sækja að grunnskóla loknum. Næstu framhaldsskólar í fjórðungnum eru í tveggja klukkustunda akstursfjarlægð. Þar gæti hann lært til stúdentsprófs eða sveinsprófs og búið á heimavistinni meðan á námi stendur. Garðari finnst tilhugsunin um að flytja að heiman yfir vetrartímann satt best að segja svolítið kvíðvænleg, þó hann viti að hann myndi eflaust lifa það af. Annar möguleiki væri að flytja til ömmu hans sem býr í Reykjavík og fara í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Honum líður alltaf vel hjá ömmu sinni og þá þyrfti hann heldur ekki að borga leigu. Garðar hefur einnig velt fyrir sér möguleikanum á fjarnámi, að minnsta kosti svona til að byrja með, en hann veit ekki hvort hann hefur nægan sjálfsaga í slíkt nám. Garðar er mjög ráðvilltur. Hvað ætti hann að gera?

☞-----

6.

Elsa er áreiðanlega fyndnasta stelpan í 10. bekk enda vinsæl meðal skólafélaga sinna. En þrátt fyrir fjörið og gleðina sem henni fylgja þá hundleiðist henni í skólanum. Nema kannski í frímínútum, þar nýtur hún sín til fullnustu ;) Elsa fór að finna fyrir skólaleiða í 8. bekk. Þá fannst henni námsefnið þyngjast og hún fór smám saman að dragast aftur úr. Síðan hefur leiðinn ágerst og nú er svo komið að hún hefur ekki minnsta áhuga á því sem hún á að vera að læra. Hún gerir allt til þess að komast hjá því að vinna skólaverkefni sín. Elsa er mjög tvístígandi með framhaldið. Hún veit að það er mikilvægt að afla sér góðrar menntunar og ef hún legði mikið á sig gæti hún örugglega lokið prófi úr framhaldsskóla þegar fram líða stundir. En tilhugsunin um frekara nám í bili vekur með henni hroll. Hvað á hún að gera?

3. hluti – Kynjaskiptur vinnu- markaður og jafnrétti kynjanna

Efni/verkfæri: Dagblöð, tímarit, aðgangur að ljósvakamiðlum (í gegnum Net-ið), skæri, lím, klukka.

Verkefni: Staðalmyndir, Að flokka störf eftir kynjum, Draumalandið, Kynjahlutverkin í fjölmiðlum 1 og 2, Púslað án orða.

Fylgiskjöl: Setningabútar fyrir verkefnið Púslað án orða.

Annað efni:

Kynungabók

Margt er um að velja, vefefni (verkefnin Kynbundin starfshugsun og Kynbundin starfshugsun, heimaverkefni)

Kompás – Handbók um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk (t.d. Kvenhetjur og karlhetjur, bls. 145, Leiðin til jafnréttislands, bls. 151, Mismunandi laun, bls. 180)

Jafnréttishandbókin

Kynlega klippt og skorið

Leið þín um lífið – Siðfræði fyrir ungt fólk

Huxarinn

Verkefni, spurningalistar o.fl. á vefsíðunni <http://jafnretti.felagsmalaraduneyti.is/>. Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla á <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html>.

Tenglar: www.jafnretti.is (t.d. *Konur og karlar á Íslandi*), www.jafnrettiis-kolum.is, http://jafnretti.felagsmalaraduneyti.is/media/jafn/kyn_og_vinnu-markadur_lengri.pdf, www.nams.is (rafræn útgáfa af *Kompás - Handbók um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk*).

Meginmarkmið þessa hluta eru

- að nemendur fræðist um kynbundið náms- og starfsval og hvernig það hefur áhrif á jafnrétti kynjanna.
- að beina sjónum nemenda að störfum sem hingað til hafa verið talin óhefðbundin fyrir þeirra kyn.
- að nemendur skilji hugtakið staðalmyndir.
- að gera nemendur meðvitaða um staðalmyndir sem þeir kunna að hafa um störf.
- að nemendur endurmeti viðhorf sín og víkki sjóndeildarhring sinn með tilliti til námsleiða og starfa.
- að nemendur fái tækifæri til að skiptast á skoðunum um jafnréttismál og fjalla um þau með gagnrýni.

Kveikja/umræða

Til að opna umræðuna um kynjaskiptingu á vinnumarkaði mætti byrja á því að hafa hugstormun um hefðbundin karla- og kvennastörf og þau störf sem þykja henta báðum kynjum. Nemendur eru beðnir að raða störfum í flokka eftir því hvar þeim finnst þau eiga heima og rökstyðja ákvörðun sína (kennari getur hér stuðst við starfalista sem fylgir *Margt er um að velja*, vefefni). Einnig má skoða nánasta umhverfi nemenda. Til dæmis er hægt er að skoða kynjahlutföllin meðal starfsfólks skólans þar sem konur eru að öllum líkindum í miklum meirihluta. Hvers vegna skyldi svo vera? Ætli þessu hafi alltaf verið þannig háttað? Einnig má skoða störf foreldra nemenda í bekknum og sjá hve margir þeirra eru í hefðbundnum störfum og hve margir í óhefðbundnum.

Staðalmyndir/kynjaskiptur vinnumarkaður – umræða

Körlum og konum eða strákum og stelpum er oft stillt upp sem andstæðum. Sumt þykir kvenlegt, annað karlmannlegt. Bleikur er stelpulitur, blár strákalitur. Stelpur leika með dúkkur, strákar með bíla. Karlar eru sterkir, konur viðkvæmar. Vörubílstjórar eru karlkyns, hjúkrunarfræðingar eru kvenkyns.

- Geta nemendur nefnt fleiri dæmi?
- Hvers vegna ætli kynjunum sé svo oft stillt upp sem andstæðum?
- Hvað eru staðalmyndir?
- Hver ákveður hvað er stelpulegt og hvað strákalegt?
- Hvað gerist ef einhver „brýtur gegn“ ríkjandi viðhorfum?
- Er það í lagi ef stelpa er „strákaleg“? En ef strákur er „stelpulegur“? Hvers vegna? Hvers vegna ekki?
- Hvers vegna skyldi það vera?
- Er jafn mikil virðing borin fyrir „kvennastörfum“ og „karlastörfum“?
- Er hægt að flokka alla karla í einn hóp og allar konur í annan?
- Hvort er meiri munur á milli einstaklinga eða milli kynjanna?
- Hvaða áhrif hefur það á möguleika okkar á störfum ef við flokkum þau eftir kynjum?
- Hvaða ávinning getum við haft af því að slíta okkur úr viðjum vanans og líta út fyrir rammann?

Staðalmyndir eru einfaldaðar lýsingar á vissum einkennum hópa. Með staðalmyndum er fólk flokkað og gert ráð fyrir að allir, eða a.m.k. flestir, í tilteknum hópi fólks hafi sömu einkenni. Það má því segja að staðalmyndir séu nokkurs konar fordómar. Hér má benda á að konur hafa fært sig í auknum mæli inn á svið sem áður voru vígi karla, eins og t.d. kennslu og prestsstörf (ef litið er langt aftur í tímann) og verkfræði og flugmennsku (ef litið er styttra til baka). Karlmennt hafa hins vegar síður fært sig inn á þau svið sem hafa þótt tilheyra konum, t.d. ummönnunarstörf og leikskólakennsla.

Kynjaskiptur vinnumarkaður/launamisrétti – umræða


Kynjaskiptur vinnumarkaður er staðreynd á Íslandi og staðalmyndir um hlutverk kynjanna eiga án efa sinn þátt í að viðhalda því. Rótgróin gildi samfélagsins beina okkur inn á ákveðnar brautir þar sem kynin hafa hvort um

sig ákveðin hlutverk. Ýmsar rannsóknir benda til þess að kynjaskiptur vinnu- markaður sé hindrun sem standi í vegi fyrir jafnrétti kynjanna. Það er t.d. staðreynd að laun kvenna eru í mörgum tilvikum lægri en karla. Þegar búið er að taka tillit til ýmissa þátta eins og starfsstéttar, menntunar, vinnutíma og aldurs stendur eftir launamunur sem virðist ekki hægt að skýra með neinu öðru en kynferði, þ.e.a.s. konur fá lægri laun en karlar í sambærilegum störfum. Í tengslum við þetta gæti verið góð hugmynd að skipta nemendum í hópa og ræða eftirfarandi:

- Hvers vegna ætli konur fái lægri laun en karlar?
- Hvað finnst ykkur um þennan launamun?
- Hvaða leiðir koma ykkur til hugar til að draga úr launamun kynjanna?

Verkefni Leiðin til jafnréttislands á bls. 151 og Mismunandi laun á bls. 180 í *Kompás – Handbók um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk* gætu reynst vel í tengslum við þessa umfjöllun. Einnig má benda á verkefnið Kynbundin starfs- hugsun úr námsefninu *Margt er um að velja*, vefútgáfu.

Verkefni



Staðalmyndir

Verkefni þetta á að vinna í litlum hópum. Nemendur eiga að ræða og svara spurningum um staðalmyndir. Niðurstöður skrá þeir á verkefnablað og kynna svo fyrir samnemendum sínum (eða á glærur sem svo er varpað upp á vegg). Verkefnið má einnig taka fyrir með öllum nemendahópnum og skrá niðurstöður á töflu. Markmiðið með verkefninu er að nemendur átti sig á því hvað staðalmyndir eru og hvers vegna það væri til úrbóta að draga úr þeim.

Að flokka störf eftir kynjum – hópverkefni/paraverkefni

Með verkefninu Starfalátbragðsleikur í 4. hluta þessa efnis fylgja spjöld með hinum ýmsu starfsheitum. Í þessu verkefni eiga nemendur að flokka spjöldin eftir því hvort þeim finnst störfin vera karlastörf, kvennastörf eða henta jafn vel fyrir bæði kyn. Nemendur gætu t.d. unnið tveir og tveir saman, flokkað störfin og rökstutt flokkunina hvor fyrir öðrum. Einnig væri hægt að vinna með öllum hópnum í einu og skrifa hugmyndir nemenda á töflu, t.d. sem súlurit.

Draumalandið

Í þessu verkefni er námshópnum skipt í fjögurra manna hópa. Hver hópur velur sér umræðustjóra sem sér um að allir komist að, ritara, kynni og tíma- vörð. Verkefni hópa er að koma sér saman um hvernig þeir myndu vilja hafa lífið í draumalandinu út frá stöðu og hlutverki kynjanna. Hvernig væri staða kvenna? Hvernig væri staða karla? Hvernig væri verkaskiptingin á heimilum? Hvernig væri ákvarðanatöku háttáð? Hvernig hefðu börnin það í draumalandinu? Hópar kynna niðurstöður hver fyrir öðrum. Verkefninu er ætlað að æfa

nemendur í rökræðum og hvetja þá til gagnrýnnar hugsunar um staðlaðar hugmyndir samfélagsins.

Kynjahlutverkin í fjölmiðlum

1.

Í þessu verkefni eiga nemendur að framkvæma innihaldsgreiningu á fréttamiðlum með því að skoða dagblöð, tímarit, ljósvaka- og netmiðla með kynjagleraugum. Þeir eiga að vera vakandi fyrir efni þar sem greinilegt er að staðalmyndir um hlutverk kynjanna ráða för. Þetta geta verið auglýsingar, myndbönd, ummæli, greinar, fréttir eða hvað sem er. Nemendur eiga svo að lýsa því í stuttu máli hvernig staðalmyndir koma fram í efninu sem þeir völdu. Ef um er að ræða prentað efni er tilvalið að klippa það út og líma á verkefnablaðið. Gott getur verið fyrir kennara að vera vakandi fyrir slíku efni í nokkurn tíma áður en verkefnið er lagt fyrir.

Kynjahlutverkin í fjölmiðlum 1

Í fjölmiðlum berst til okkur myndir um hlutverk kynjanna. Notu þessa kynjahlutverkin og þetta í greinum dagblöð og tímarit, hefur á áhrif og orsöku þróunarinnar. Stafrænir miðlar og netmiðla. Þetta er tilvalið efni þar sem greining er að koma til velt á stafrænum hlutum. Greiningu megi þá jafnframt nota til að sýna og hvernig stafræn myndir koma fram í þessum miðlum. Hættu þá valdi þessu efni máttu þessu hlutverkin og þessu viðhætti.

Staðal myndir eru tilvalið efni.

Sýning Dagskrá Dagblöð Tímarit
Auglýsingaefni A hluti Annars eðlis

Umskipti um fjölbreytt efni

Með hvaða hætti koma fram stafræn myndir í efni þessu?

Hvaða áhrif getur þetta haft þegar efni berst í fjölmiðlum? Sýnu þessu.

Þetta fyrir verkefni. Ef það er að hlíta þessu þá skilvaða.

Kynjahlutverkin í fjölmiðlum 2

Veldu einn viðfangsgagn þessu efni. Ef þú ert með í sýningu eða útsýningu og skilvaða þá þú efni þessu.

Hvaða þáttur hefur þú valið?

Hvern kyn er þú að sýna í þessum myndum?

K: K:

Sagðu þá þessu efni þessu - um hvað var fjölbreytt og hvern kyn er viðfangsgagn?

1.

Kyn viðfangsgagns:

K: K:

2.

Kyn viðfangsgagns:

K: K:

3.

Kyn viðfangsgagns:

K: K:

Ég þessa efni í stafrænum miðlum og hlutum þessu efni þessu.

Vilji kennari gera meira úr þessu verkefni má láta nemendur vinna það í hópum eða pörum og útbúa kynningu á niðurstöðum fyrir samnemendur sína.

2.

Í þessum hluta verkefnisins eiga nemendur að beina sjónum sínum að aðkomu kynjanna í fréttatengdum þáttum. Nemendur eiga að velja einn slíkan þátt til að horfa á í sjónvarpi eða hlusta á í útvarpi og greina hann með kynjagleraugum. Niðurstöður sínar skrá þeir á verkefnablaðið.

Þúslað án orða

Skipta þarf nemendum í fimm manna hópa. Hver hópur fær umslag með setningarhlutum á litlum miðum (sjá fylgiskjal). Hæfilegt er að hafa þrjár setningar í hverju umslagi. Hópmeðlimir eiga að skipta á milli sín miðunum þannig að allir hafi því sem næst jafn marga miða. Síðan á hópurinn að vinna að því í sameiningu að raða hverri setningu saman og verður að fylgja þessum reglum:

- Algjör þögn á að ríkja – enginn má tala né nota táknmál.
- Hópmeðlimir mega aðeins rétta öðrum miða en ekki taka eða biðja aðra um miða.
- Ef einhverjum er boðinn miði má ekki neita að taka við honum.
- Ekki er leyfilegt að fara úr sæti sínu.

Hóparnir keppa við klukkuna og heppilegast að kennari ákveði tímamörk í samræmi við aldur og þroska nemenda og hve margar setningar hann fær hverjum hópi.

Til viðbótar við verkefni kaflans er kjörið að leggja fyrir verkefnið Kynbundin starfshugsun, heimaverkefni, í vefefninu *Margt er um að velja*.

Samantekt

Við lok þessa hluta ættu nemendur að

- vita hvað kynjaskiptur vinnumarkaður er og vera einhvers vísari um þau áhrif sem hann hefur á jafnrétti kynja.
- vera færir um að hugsa um jafnréttismál með gagnrýni og vita að flokkun starfa í karla- og kvennastörf takmarkar möguleika þeirra á vinnumarkaði.
- vera meðvitaðir um að ákvarðanir þeirra um framtíðarnám og -störf ættu að stýrast af hæfileikum, áhuga og persónulegu gildismati fremur en kyni.

Púslað án orða*

Tekjur kvenna voru að meðaltali um 66% af tekjum karla árið 2008.

Í spurningaþættinum Gettu betur hafa stelpur verið 5% keppenda í úrslitaliðum frá upphafi.

Næstum jafn margar konur og karlar buðu sig fram til

Alþingis 2009 eða 45% konur og 55% karlar.

Árið 2009 voru einstæðar mæður mun fleiri en einstæðir feður eða 91% á móti 9%.

Alþjóðleg rannsókn á fréttum og fréttaumfjöllun leiddi í ljós að í um helmingi tilvika ýtti fréttaumfjöllun undir ríkjandi staðalmyndir um kynin.

Mikilvægi þess að fá fleiri karla til að vinna að uppeldi og menntun felst í að gefa börnum fjölbreyttari myndir af fullorðnum konum og körlum.

* Setningarnar eru allar úr ritinu *Kynungabók*.

4. hluti – Vinnumarkaðurinn

Efni/verkfæri: Fyrirtækjaskrá, aðgangur að Netinu, skeiðklukka (eða annar tímavörður).

Verkefni: Starfalátbragðsleikur, Hvað felst í starfinu ...?, Atvinnulíf í heimabyggð, vettvangsheimsókn, Nýja starfið er

Fylgiskjöl: Starfalátbragðsleikur, Gagnlegar upplýsingar um vinnumarkaðinn.

Annað efni:

Margt er um að velja, vefefni (verkefnið Leitað fundið, áhugaverð störf)

Auraráð (um skatta og launaseðla)

Margt er um að velja – Könnun á atvinnulífinu

Vinnuvernd – fræðsla fyrir ungt fólk (glærur á www.nams.is)

Tenglar: www.barn.is, www.hagstofa.is, www.landbunadur.is, www.sjavarutvegur.is, www.saf.is, www.idan.is, www.si.is, heimasíður ráðuneytanna, <http://www.nams.is/vinnuvernd/vinnuvernd.pdf>, www.vinnumalastofnun.is, www.bendill.is (velja starfslýsingar – dæmi um störf og velja svo allar fyrir framan hvern bókstaf sem þar kemur upp). www.ja.is, www.vr.is, www.sgi.is

Meginmarkmið þessa hluta eru að nemendur

- fá innsýn í íslenskan vinnumarkað.
- kynnist ýmsum atvinnugreinum og starfsstéttum.
- kynnist réttindum og skyldum á vinnumarkaði.
- verði færir um að afla sér upplýsinga um vinnumarkaðinn á sjálfstæðan og skilvirkan hátt.

Kveikja/umræða

Heppilegt gæti verið að hefja umfjöllun um vinnumarkaðinn á því að athuga hvaða reynslu nemendur sjálfir hafa af honum. Hvaða störf hafa þeir unnið? Er upplifun þeirra af vinnumarkaði jákvæð eða neikvæð? Hvað vita þeir um réttindi sín og skyldur á vinnumarkaði? Hafa þeir þurft að skila inn skattkorti? Hafa þeir fengið launaseðil? Hvaða gildi hefur vinna fyrir einstaklinga? Fyrir samfélagið? Halda nemendur að vægi vinnunnar eigi eftir að aukast eða minnka í framtíðinni? Hvers vegna – hvers vegna ekki?

Íslenskur vinnumarkaður – umræða

Á Íslandi er atvinnuþátttaka, bæði á meðal karla og kvenna, með því sem mest gerist í heiminum. Fólk starfar á hinum ýmsu sviðum þjóðfélagsins, ýmist sjálfstætt eða sem launþegar.

- Hvað merkir það að atvinnuþátttaka sé mikil?
- Hvers vegna eru konur frekar þátttakendur á vinnumarkaði nú en áður fyrr?
- Hvað merkir það að vera launþegi?
- Hvað merkir það að starfa sjálfstætt?
- Hverjar eru helstu atvinnugreinar á Íslandi? (Upplýsingar má fá á vefsíðum eftirtalinna stofnana: www.hagstofa.is, www.landbunadur.is, www.sjavarutvegur.is, www.idan.is, www.si.is, www.saf.is og heimasíðum stéttarfélaga sem finna má á vefjunum www.vinnumalastofnun.is og á www.sgi.is undir hnappnum tenglar.)
- Hvaða atvinnugreinar haldið þið að séu elstar?
- Hvaða atvinnugreinar hafa vaxið mest síðustu ár?
- Hvaða atvinnugrein haldið þið að verði stærst eftir 10 ár? En 20? Hvers vegna?

Réttindi og skyldur á vinnumarkaði – umræða

- Hvað vita nemendur um réttindi sín og skyldur á vinnumarkaði?
- Hvernig störf mega unglingar vinna?
- Þarf að fá leyfi frá foreldrum ef unglingur ætlar að fá sér vinnu?
- Hvenær byrjar maður að borga skatta?
- Hvað er skattkort? En persónuafsláttur?
- Hvað er launaseðill?
- Í gegnum árin hafa mörg íslensk ungmenni unnið með skóla. Hvers vegna vinna ungmenni með skóla?
- Hverjir eru kostir og gallar þess að vinna með skóla?
- Hvers þarf að gæta þegar unnið er með skóla?

Til eru lög og reglur um vinnu barna og unglunga. Um þau og önnur réttindi og skyldur ungmenna á vinnumarkaði má lesa á vef umboðsmanns barna, www.barn.is. Vefurinn er mjög aðgengilegur og auðvelt að láta nemendur kynna sér efni hans á eigin spýtur. Einnig má varpa upp á vegg og skoða vefinn í sameiningu. Á vef Námsgagnastofnunar má finna efnið *Vinnuvernd, fræðsla fyrir ungt fólk*, á slóðinni <http://www.nams.is/vinnuvernd/vinnuvernd.pdf>, sem gæti einnig hentað vel í tengslum við þessa umræðu. Í bókinni *Aura-ráð* eftir Auði Pálsdóttur er að finna gagnlegar upplýsingar og verkefni um skatta, persónuafslátt, launaseðla o.fl. Sjá einnig fylgiskjalið Gagnlegar upplýsingar um vinnumarkaðinn á bls. 31.


Verkefnunum hér á eftir er ætlað að hvetja nemendur til þess að kanna betur atvinnulífið og hvað felst í þeim störfum sem þeim þykja áhugaverð. Auk

þeirra væri hægt að nota verkefnið Leitað fundið og Áhugaverð störf úr vefútgáfu efnisins *Margt er um að velja*. Í bókinni *Margt er um að velja – Könnun á atvinnulífinu* er líka gagnleg umræða og verkefni tengd þessum málaflokki.

Verkefni

Starfa látbragðsleikur


Til að opna augu nemenda enn frekar fyrir hinum ýmsu störfum gæti verið góð hugmynd að bregða á leik. Nemendahópnum er skipt í nokkra u.þ.b. fjögurra manna hópa. Einn úr hópnum dregur spjald sem á er letrað heiti á starfi. Viðkomandi á nú að leika starfið án þess að nota leikmuni eða hljóð. Liðsfélagarnir eiga að giska á hvert starfið er. Til þess fá þeir tvær mínútur. Geti þeir rétt áður en tíminn rennur út fá þeir eitt stig, ella ekkert. Því næst endurtekur næsti hópur leikinn og svo koll af kolli. Skipt er um „leikara“ í hverri umferð. Það lið sem er fyrst að ná fyrir fram ákveðnum fjölda stiga (t.d. 5 stigum) sigrar.



Hvað felst í starfinu ...?

Í þessu verkefni er hægt að nota spjöldin úr starfa látbragðsleiknum sem lýst er hér að framan (nota algengustu starfsheiti af listanum). Nemendur eiga að draga eitt spjald og að kynna sér hvaða verkefni fylgja starfinu sem þeir drógu sér. Hver eru t.d. helstu verkefni flugmanns eða hársnyrtis, hvað felst í starfinu í raun? Hvernig lítur vinnudagurinn þeirra út? Niðurstöður skrifa nemendur á verkefna-blað. Einnig væri hægt að leyfa þeim að velja sér sjálfir starf til að kynna sér. Nemendur afla sér upplýsinga annaðhvort af Netinu eða með því að taka viðtal við einhvern sem sinnir starfinu sem um er að ræða.

Tilgangur verkefnisins er að nemendur átti sig á að í hverju starfi þarf að inna af hendi mörg verkefni sem geta verið býsna ólík.




Atvinnulíf í heimabyggð, vettvangsheimsókn

Nemendur kanna þá atvinnustarfsemi sem fram fer í heimabyggð eða skólahverfi þeirra og velja vinnustað sem þá langar til að heimsækja. E.t.v. væri gagnlegt að hafa fyrirtækjaskrá við höndina. Því næst hafa þeir, hugsanlega með aðstoð eða milligöngu kennara, samband við viðkomandi vinnustað og kanna hvort hægt sé að verða við ósk þeirra. Gangi það eftir þarf að ákveða tíma og dagsetningu sem hentar báðum aðilum. Æskilegt er að heimsóknin standi yfir í því sem næst heilan vinnudag og að nemendur fái að spreyta sig á léttum verkefnum. Jafnframt þurfa þeir að fá tækifæri til að safna ákveðnum upplýsingum um starfið og vinnustaðinn (tillögur að spurningum eru á verkefnablaði nemenda). Í lok heimsóknar skila nemendur skýrslu um heimsóknina eða halda kynningu fyrir bekkjarfélag sína. Í skýrslunni gæti t.d. komið fram hvert nemendur fóru, hver tók á móti þeim, hvað heimsóknin stóð lengi yfir, hvað nemendur gerðu í heimsókninni, hvaða svör þeir fengu við spurningum sínum og hvernig þeim líst á vinnu-

staðinn/starfið eftir þessa kynningu. Nemendur geta unnið verkefnið einir eða í smærri hópum. Sé ekki tækifæri til vettvangsheimsóknar sem þessarar mætti hugsanlega fara í styttri kynnisferðir á vinnustaði og þá með stærri hópa.

Nauðsynlegt er að senda upplýsingar um vettvangsheimsóknina til foreldra og fá samþykki þeirra fyrir því að barnið þeirra taki þátt í henni. Einnig þarf að hafa í huga að öryggi nemenda sé tryggt í slíkum heimsóknum.



Nýja starfið er ... – hópverkefni

Í þessu verkefni eiga nemendur að finna upp á starfi sem ekki er til í dag en gæti orðið að veruleika síðar meir. Þeir eiga svo að útbúa starfslýsingu og skrá á verkefnablað. Verkefninu er ætlað að opna augu nemenda fyrir því að atvinnulífið er í stöðugri þróun sem stýrist af þörfum samfélagsins hverju sinni. Gert er ráð fyrir að verkefnið sé unnið í hópum en einnig má nota það sem einstaklingsverkefni.

ATH! VR hefur undanfarin ár boðið nemendum í 10. bekk upp á fræðslu um réttindi og skyldur á vinnumarkaði í húsakynnum sínum. Kjörið væri, fyrir þá sem eru í aðstöðu til þess, að nýta sér þann

möguleika í tengslum við þennan hluta námsefnisins.

Samantekt

Við lok þessa hluta ættu nemendur að

- þekkja helstu atvinnuvegi á Íslandi.
- kunna skil á ýmsum hugtökum sem tengjast atvinnulífinu.
- þekkja atvinnulíf í heimabyggð.
- hafa kynnt sér vel a.m.k. eitt starf sem þeim þykir áhugavert.
- þekkja helstu réttindi sín og skyldur á vinnumarkaði.
- hafa áttað sig á að atvinnulífið er í stöðugri þróun.

Starfa-látbragðsleikur



Arkitekt	Atferlisfræðingur	Bakari
Bífreiðasmiður	Bífvélavirki	Bílamálari
Blikksmiður	Blómaskreytir	Bókari
Bókasafnsfræðingur	Bókasafnstæknir	Bókbindari

Bókmenntafræðingur	Búfræðingur	Dýralæknir
Eðlisfræðingur	Efnafræðingur	Einkaþjálfari
Endurskoðandi	Félagsfræðingur	Félagsráðgjafi
Fjölmiðlafræðingur	Fjölmiðlataeknir	Flugmaður
Flugvirki	Framreiðslumaður	Geislafræðingur
Grafískur hönnuður	Grafískur miðlari	Gullsmiður
Hagfræðingur	Hársnyrtir	Heimspekingur
Hestafræðingur og leiðbeinandi	Hjúkrunarfræðingur	Hundasnyrtir
Húsasmiður	Húsgagnabólstrari	Húsgagnasmiður
Iðjuþjálfari	Iðnaðartækni-fræðingur	Iðnfræðingur
Iðnhönnuður	Iðnrekstrarfræðingur	Íþróttakennari
Jarðfræðingur	Kennari	Kerfisfræðingur
Kjólameistari	Kjötiðnaðarmaður	Klæðskeri
Kvikmyndagerðarmaður	Kökugerðarmaður	Landfræðingur

Leiðsögumaður	Leikari	Lífefnafræðingur
Líffræðingur	Ljós móðir	Ljósmyndari
Lyfjafræðingur	Lyfjateknir	Læknir
Lögfræðingur	Lögreglumaður	Málari
Mannfræðingur	Markaðsfræðingur	Matartæknir
Matreiðslumaður	Matvælafræðingur	Málmsteypumaður
Málmsuðumaður	Meinataeknir	Mjólkurfræðingur
Mótasmiður	Múrari	Myndskeri
Netagerðarmaður	Nettæknir	Nuddari
Næringarfræðingur	Pípulagningamaður	Prentari
Prentsmiður	Rafeindavirki	Rafveituvirki
Rafvélavirki	Rafvirki	Rekstrarfræðingur
Rennismiður	Sagnfræðingur	Sálfræðingur
Sérkennari	Símismiður	Sjávarútvegsfræðingur

Sjúkraliði	Sjúkraþjálfari	Skipstjóri
Skósmiður	Skrúðgarðyrkjumaður	Snyrtifræðingur
Stálskipasmiður	Stálsmiður	Stálvirkjasmiður
Stjórn málafræðingur	Stjórnsýslufræðingur	Stoðtækjafræðingur
Stoðtækjasmiður	Stuðningsfulltrúi	Stýrimaður
Stærðfræðingur	Söðlasmiður	Talmeinafræðingur
Tamningamaður	Tannlæknir	Tannsmiður
Tanntæknir	Táknmálstúlkur	Tæknifræðingur
Tækniteiknari	Tölvunarfræðingur	Úrsmiður
Útstillir	Veðurfræðingur	Veftæknir
Veggfóðrari	Verkfræðingur	Vélstjóri
Vélvirki	Viðskiptafræðingur	Viðskiptalögfræðingur
Þjálfari og reiðkennari	Þroskaþjálfari	Ölgerðarmeistari

Arkitekt	Jarðfræðingur	Sagnfræðingur
Atferlisfræðingur	Kennari	Sálfræðingur
Bakari	Kerfisfræðingur	Sérkennari
Bifreiðasmiður	Kjólameistari	Símsmiður
Bifvélavirki	Kjötiðnaðarmaður	Sjávarútvegsfræðingur
Bílamálari	Klæðskeri	Sjúkraliði
Blikksmiður	Kvikmyndagerðarmaður	Sjúkraþjálfari
Blómaskreytir	Kökugerðarmaður	Skipstjóri
Bókari	Landfræðingur	Skósmiður
Bókasafnsfræðingur	Leiðsögumaður	Skrúðgarðyrkjumaður
Bókasafnstæknir	Leikari	Snyrtifræðingur
Bókbindari	Lífefnafræðingur	Stálskipasmiður
Bókmenntafræðingur	Líffræðingur	Stálsmiður
Búfræðingur	Ljós módír	Stálvirkjasmiður
Dýralæknir	Ljósmyndari	Stjórnmálafræðingur
Eðlisfræðingur	Lyfjafræðingur	Stjórnsýslufræðingur
Efnafræðingur	Lyfjatæknir	Stoðtækjafræðingur
Einkaþjálfari	Læknir	Stoðtækjasmiður
Endurskoðandi	Lögfræðingur	Stuðningsfulltrúi
Félagsfræðingur	Lögreglumaður	Stýrimaður
Félagsráðgjafi	Málari	Stærðfræðingur
Fjölmiðlafræðingur	Mannfræðingur	Söðlasmiður
Fjölmiðlataeknir	Markaðsfræðingur	Talmeinafræðingur
Flugmaður	Matartæknir	Tamningamaður
Flugvirki	Matreiðslumaður	Tannlæknir
Framreiðslumaður	Matvælafræðingur	Tannsmiður
Geislafræðingur	Málmsteypumaður	Tanntæknir
Grafískur hönnuður	Málmsuðumaður	Táknmálstúlkur
Grafískur miðlari	Meinataeknir	Tæknifræðingur
Gullsmiður	Mjólkurfræðingur	Tækniteiknari
Hagfræðingur	Mótasmiður	Tölvunarfræðingur
Hársnyrtir	Múrari	Úrsmiður
Heimspekingur	Myndskeri	Útstillir
Hestafræðingur og leið- beinandi	Netagerðarmaður	Veðurfræðingur
Hjúkrunarfræðingur	Nettæknir	Veftæknir
Hundasnyrtir	Nuddari	Veggfóðrari
Húsasmiður	Næringarfræðingur	Verkfræðingur
Húsgagnabólstrari	Pípulagningamaður	Vélstjóri
Húsgagnasmiður	Prentari	Vélvirki
Iðjuþjálfari	Prentsmiður	Viðskiptafræðingur
Iðnaðartæknifræðingur	Rafeindavirki	Viðskiptalögfræðingur
Iðnfræðingur	Rafveituvirki	Þjálfari og reiðkennari
Iðnhönnuður	Rafvélavirki	Þroskaþjálfari
Iðnrekstrarfræðingur	Rafvirki	Ölgerðarmeistari
Íþróttakennari	Rekstrarfræðingur	
	Rennismiður	

Gagnlegar upplýsingar um vinnumarkaðinn

Dagvinna

Full dagvinna eru 40 stundir (frá 8:00-16:00 eða 9:00-17:00). Yfir daginn er gengið út frá tveimur kaffitímum og einum matartíma. Starfsmenn geta samið um að sleppa að hluta eða öllu þessum tímum gegn því að stytta vinnudaginn eða fá tímann borgaðann sem yfirvinnu. Það þarf þó alltaf að halda eftir hluta af matartíma.

Yfirvinna

Yfirvinna tekur við þegar dagvinnutíma lýkur. Þá er greitt hærra tímakaup en í dagvinnu eða 1,0385% af mánaðarlaunum.

Stórhátíðaálag

Á jólum, nýársdag og páskum er greitt svokallað stórhátíðaálag. Þá er greidd viðbót við yfirvinnu eða 1,375% af mánaðarlaunum.

Jafnaðarlaun

Vinnuveitandi og starfsmaður geta samið um jafnaðarkaup óháð því hvenær sólarhrings unnið er.

Verktakavinna

Einstaklingur, þ.e. verktaki, semur um að taka að sér ákveðið skilgreint verk t.d. að mála hús. Verktakinn ræður hvernig og hvenær hann vinnur verkið en verður að standa skil á því fyrir umsaminn tíma. Verktaki fær ekki veikinda, orlofs eða lífeyrisgreiðslur heldur verður hann að tryggja sig sérstaklega.

Launþegi

Launþegi er sá sem vinnur hjá fyrirtæki eða stofnun og þiggur fyrir það föst laun. Launþegi verður alltaf að kynna sér hvaða stéttarfélagi starf hans tilheyrir og hver réttindi hans eru hjá stéttarfélaginu.

Launataxtar

Stéttarfélög semja um ákveðin laun til handa félagsmanna sinna. Það má ekki semja um eða greiða lægri laun en kveður á um í þessum samningum. Vinnustaðasamningar eru fyrst og fremst viðbót við almenna samninga og taka þá oft á sérstökum atriðum sem einkenna viðkomandi vinnustað.

Orlof

Fyrir hvern mánuð sem unnin er fást tveir virkir dagar í orlof eða 24 dagar á ári. Ef launþegi hefur unnið skemur en eitt ár á sama vinnustað á hann engu að síður rétt á 24 daga orlofi en er þá launalaus þá daga sem upp á vantar. Dæmi: starfsmaður hefur unnið í 4 mánuði á sama vinnustað og á þá rétt á 8 virkum orlofsdögum en má taka 16 daga launalaus.

Í hverjum mánuði greiðir launþegi inn á sérstakan orlofsreikning, 10% af heildarlaunum. Peningar á þessum reikningi eru lausir til útborgunar frá og með 1. maí ár hvert. Orlofspeningarnir eru hugsaðir til þess að launþeginn hafi alltaf efni á að fari í sumarleyfi.

Veikindaréttur

Veikist launþegi á hann rétt á tveimur veikindadögum í mánuði að lágmarki. Launþegi vinnur sér inn aukinn veikindarétt með hærri starfsaldri. Vinnuveitandi getur óskað eftir læknisvottorði vegna veikinda starfsmanns. Veikindaréttur er áunninn til að nýta í veikindum eingöngu, launþeginn á þessa daga ekki inni sem frí.

Hvað er verðbólga?

Verðbólga er hugtak sem notað er í hagfræði og á við um ástand í efnahagsmálum. Þegar talað er um verðbólgu er átt við að verðlag sé síhækkandi, bæði á vöru og þjónustu. Þ.e. maður fær minna fyrir peninginn.

Atvinnuleysi og atvinnuleysisbætur.

Atvinnuleysi er mismikið á milli ára og á milli landshluta. Þegar samdráttur er í efnahagslífinu (kreppa) eykst atvinnuleysi en þegar hagvöxtur er mikill dregur úr því (góðæri).

Launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar á aldrinum 16-70 ára eiga rétt á atvinnuleysisbótum að því tilskildu að þeir hafi áunnið sér tryggingarétt og séu sannanlega atvinnulausir, vinnufærir og tilbúnir til að ráða sig til allra almennra starfa. Þá er átt við að viðkomandi sé í virkri atvinnuleit.

Bótaréttur miðast við vinnu og starfshlutfall s.l. 12 mánuði. Atvinnuleysisbætur eru tekjutengdar í þrjú mánuði en eftir það er miðað við 70% af meðaltali heildarlauna síðasta hálfra árið á vinnumarkaði. Vinnumálastofnun heldur utan um skráningu atvinnulausra á Íslandi.

Frekari upplýsingar er t.d. að finna á www.vr.is

5. hluti – Ferilskrár

Efni/verkfæri: Nettengd tölva og skjávarpi.

Verkefni: Ferilskrá.

Fylgiskjöl: Hvað á að koma fram í ferilskrá?

Annað efni: *Frá umsókn til atvinnu* (Jón Birgir Guðmundsson).

Tenglar:

www.vinnumalastofnun.is; www.atvinnuleit.is; www.studentamidlun.is,
<http://www.europass.is/>, <http://europass.is/page/Ferilskra>, <https://europass.cedefop.europa.eu/instruments/cv/step0.do>

Meginmarkmið þessa hluta eru að nemendur

- læri að gera ferilskrá.
- átti sig á að vönduð ferilskrá og góður undirbúningur eru lykilatriði þegar sótt er um nám eða starf.

Ferilskrá – umræða

Þegar sótt er um vinnu og skóla skiptir skýr og nákvæm ferilskrá miklu máli. Nauðsynlegt er því að útskýra vel fyrir nemendum hvað ferilskrá felur í sér því líklegt er að margir nemendur þekki ekki hugtakið. Til einföldunar má líkja henni við auglýsingu, þ.e. með ferilskránni erum við að auglýsa eða kynna okkur sjálf. Benda má á að ferilskrár eru mismunandi og mótast af því hver gerir þær, hvenær þær eru gerðar á náms- og starfsferli viðkomandi og í hvaða skyni. Þær eru því alls ekki alltaf eins. Góð og vönduð ferilskrá getur aukið líkurnar á að umsækjandi komist í atvinnuviðtal. Því er mikilvægt að hún sé hnitmiðuð, skýr og vel unnin. Brýna ætti fyrir nemendum að þeir haldi til haga upplýsingum um sjálfa sig, skrifi þær niður og geymi á vísu stað til geta gripið til þeirra síðar ef á þarf að halda í ferilskrá. Jafnframt mætti benda nemendum á að geyma umsagnir og prófskírteini sem og valin sýnishorn af eigin vinnu, t.d. ritgerðir, myndverk o.fl. til að geta sýnt með ferilskrá.

- Hvaða atriði þurfa koma fram í öllum ferilskrám?
(Nafn, heimilisfang, kennitala o.fl.)
- Hvaða atriði myndu nemendur setja í ferilskrá?
(Menntun, reynsla, starf, áhugamál.)
- Hvers vegna ætli atvinnurekendur vilji fá ferilskrá umsækjenda?
- Ætli það sé nauðsynlegt að allar ferilskrár séu eins? Hvers vegna ekki?
- Hvaða fylgiskjöl eru oft látin fylgja ferilskrá?

Verkefni

Ferilskrá

Nemendur gera sína eigin ferilskrá og hafa til viðmiðunar það sem komið hefur fram í umræðum auk þess sem þeir fá afhent blað (*Hvað á að koma fram í ferilskrá – sjá fylgiskjal*) með upplýsingum þar að lútandi. Skoða má sameiginlega nokkur sýnishorn af ferilskrá, t.d. á Netinu, áður en nemendur útbúa eigin ferilskrá þar sem fram koma helstu persónulegar upplýsingar, skólaganga, reynsla og áhugamál.

Dæmi um ferilskrá má t.d. sjá hér:

http://www.vinnumalastofnun.is/files/Ferilskra_VMST_snidmat_950290628.doc og á http://www.idan.is/files/Ferilskrá_1079814082.doc

Europass eða **Evrópupassinn** er stöðluð menntunar- og starfshæfnimappa og er ætlað að auðvelda samanburð menntunar og reynslu yfir landamæri í Evrópu (www.europass.is). Innan Evrópupassans er stöðluð ferilskrá sem hægt er að fylla út á Netinu og vista í tölvunni. Á vefslóðinni <http://europass.is/page/Ferilskra> eru leiðbeiningar um það hvernig á að fylla út ferilskrána. Ferilskráin sjálf er á vefslóðinni <https://europass.cedefop.europa.eu/instruments/cv/step0.do>

Ferilskrána er jafnframt hægt að fylla út á ensku og því gæti verið kjörið að vinna þetta verkefni í samvinnu við enskukennarann.

Samantekt

Við lok þessa hluta ættu nemendur að

- gera sér grein fyrir gildi ferilskrár, að ferilskrár geta verið mismunandi og að mikilvægt er að halda til haga upplýsingum um nám og störf og um ýmis önnur afrek og árangur.
- vita að vönduð ferilskrá og góður undirbúningur skipta höfuðmáli þegar sótt er um nám eða starf.

Hvað á að koma fram í ferilskrá?

Hvað er ferilskrá?

- Þar segir þú í stuttu máli frá persónulegum upplýsingum, menntun, reynslu, hæfileikum og áhugamálum.
- Ferilskrá auðveldar þér að ganga frá umsókn í skóla/nám og starfsumsókn.
- Góð, nákvæm og uppfærð skrá sparar þér tíma og fyrirhöfn.

Upplýsingar sem þurfa að koma fram

- Persónulegar upplýsingar:
 - Nafn, kennitala, heimilisfang, sími og netfang.
 - Nýleg mynd.
- Upplýsingar um menntun:
 - Heiti skóla og útskriftarár – námsárangur, mætingar.
 - Námsmál fyrir utan grunnskóla, s.s. áfangar í framhaldsskóla, tónlistanámsmál, myndlistarnám eða söngnám.
 - Ýmis námskeið sem þú hefur sótt.
 - Styrkleikar, s.s. tölvukunnátta og tungumálafærni.
 - Markmið í námi – hvert stefnir þú?
- Starfsreynsla:
 - Sumarvinna – gefa upp nafn vinnustaðar og vinnuveitanda
 - Vinna með skóla – gefa upp nafn vinnustaðar og vinnuveitanda
- Íþróttir og tómstundastarf:
 - Telja upp það sem þú tekur þátt í.
- Helstu áhugamál:
- Meðmælendur:
 - Muna að fá leyfi hjá þeim áður en þú gefur þá upp.
 - Hér er gott að hafa t.d. umsjónarkennara, þjálfara eða vinnuveitanda.

Ferilskrá þarf að uppfylla nokkur skilyrði

- Hún þarf að vera vel uppsett.
- Hnitmiðuð – ekki of löng.
- Mikilvægt að vanda málfar og forðast innsláttar- og stafsetningarvillur.
- Varast að ýkja eða gera of mikið úr færni þinni og þekkingu.
- Ferilskráin þarf helst að vera unnin í tölvu.
- Mundu að vista hana og uppfæra reglulega.

6. hluti – Að skapa sína eigin velgengni

Efni/verkfæri: Engin.

Verkefni: Af hverju náðu þau árangri?, Að koma auga á tækifærin.

Fylgiskjöl: Engin.

Annað efni:

Lífsleikni – Sjálfstraust, sjálfsagi og samkennd. Handbók fyrir kennara og foreldra

Margt er um að velja, vefefni (verkefnin Að heltast úr lestinni, Brottfallshætta og Að setja sér markmið)

Að ná tökum á tilverunni - Breytingar (einkum 2. kafli um sjálfstraust)

Leið þín um lífið, siðfræði fyrir ungt fólk

Meginmarkmið þessa hluta eru að nemendur

- geri sér grein fyrir að hver og einn þarf að meta árangur út frá eigin forsendum og að það sama á ekki við um alla.
- átti sig á að velgengni þeirra og tækifæri í lífinu eru háð þeirra eigin hugsunum, athöfnum og ákvörðunum.
- átti sig á að jákvætt viðhorf getur skipt sköpum til að geta tekist á við erfiðar aðstæður eða breytingar.

Kveikja/umræða

Umræða í þessum kafla þarf að beinast að því að nemendur átti sig á að þeir eru gerendur í eigin lífi og að ákvarðanir þeirra, viðhorf og hegðun hafi áhrif á hvernig þeim vegni í lífinu og á árangur þeirra í námi og starfi.

Árangur – umræða

Oft er talað um árangur í ýmsu samhengi, að þessi eða hinn hafi náð góðum árangri í íþróttum, listum, skóla eða starfi. Mikilvægt er að nemendur geri sér grein fyrir því að árangur er ekki eingöngu bundinn við stóra sigra eða áfanga heldur snýst hann einnig um skrefin í átt að markmiði.

- Hvað er árangur?
- Hvernig metum við hvort einhver hafi náð árangri eða ekki?
- Hafa allir sömu viðmið? Hvers vegna / hvers vegna ekki?
- Er gott að meta sinn eigin árangur út frá árangri annarra? Hvers vegna / hvers vegna ekki?
- Að hve miklu leyti snýst árangur um heppni?

- Að hve miklu leyti snýst árangur um það sem við leggjum sjálf af mörkum?
- Skiptir sjálftraust máli til að ná árangri? Hvers vegna / hvers vegna ekki?

Verkefni

Af hverju náðu þau árangri? – hópverkefni

Nemendum er skipt í hópa. Hver hópur velur sér umræðustjóra, ritara og kynni. Verkefnið felst í að nefna fimm einstaklinga sem nemendur telja að hafi náð árangri á einhverju sviði. Þeir eiga að gera grein fyrir í hverju árangurinn er fólgin og hvað þeir telja að viðkomandi hafi þurft að leggja af mörkum til að ná honum. Hver hópur gerir svo grein fyrir sinni niðurstöðu.

Að bregðast við óvæntum atvikum – umræða

Hve oft hafa áætlanir nemenda breyst vegna þess að eitthvað óvænt hefur átt sér stað? Geta þeir nefnt dæmi? Hvernig brugðust þeir við?

Fyrir í þessu efni var rætt um mikilvægi þess að setja sér markmið, að hafa að einhverju að stefna, að gera sér grein fyrir því hverju maður vill áorka. Vissulega er það mikilvægt. En á lífsleiðinni koma að sjálfsögðu upp óvænt atvik sem geta haft áhrif á þau markmið sem fólk hefur sett sér. Atvik sem var ekki gert ráð fyrir í upphaflegum áætlunum.

Hvers konar atvik geta það verið?

- Er hægt að komast hjá slíkum atvikum?
- Er hægt að hafa stjórn á þessum atvikum? Hvers vegna / hvers vegna ekki?
- Er hægt að hafa stjórn á því hvernig brugðist er við þessum atvikum? Hvers vegna / hvers vegna ekki?
- Hver eru hugsanleg viðbrögð fólks þegar eitthvað óvænt veldur því að það nær ekki markmiðum sínum?
- Hvernig er hægt að breyta erfiðri reynslu í eitthvað jákvætt?



Að koma auga á tækifærin

Samþykkið á tækifærum þar sem. Stigleikið er að hafa fimm persónur sem þú er stolt af gættu þú til á tækifærum. Þú getur verið með þessum tækifærum sem koma í veg fyrir.

Stofa er tækifæri til að hafa. Þú getur verið með þessum tækifærum sem koma í veg fyrir. Þú getur verið með þessum tækifærum sem koma í veg fyrir. Þú getur verið með þessum tækifærum sem koma í veg fyrir.

Þú getur verið með þessum tækifærum sem koma í veg fyrir. Þú getur verið með þessum tækifærum sem koma í veg fyrir. Þú getur verið með þessum tækifærum sem koma í veg fyrir.

Þú getur verið með þessum tækifærum sem koma í veg fyrir. Þú getur verið með þessum tækifærum sem koma í veg fyrir. Þú getur verið með þessum tækifærum sem koma í veg fyrir.

Verkefni

Að koma auga á tækifærin – hópverkefni

Í þessu verkefni eru frásagnir af ungu fólki sem hefur mætt einhvers konar mótlæti eða orðið fyrir vonbrigðum. Nemendur eiga að semja tvenns konar framhald á sögurnar, annað þar sem fram koma viðbrögð eða hugsun sem fela í sér hindrun, hitt þar sem fram kemur jákvæð hugsun sem felur í sér lausn. Tilgangurinn með verkefninu er sá að nemendur átti sig á því að mótlæti þarf ekki að vera af hinu slæma heldur geti það verið tækifæri til þroska séu viðhorfin rétt.

Þessa umræðu mætti hugsanlega tengja við brottfall sem verður einmitt oft vegna þess að fólk nær ekki markmiðum sínum í námi. Verkefni 4, 5 og 6 í vefefninu *Margt er um að velja* henta vel í þessu samhengi. Einnig er hægt að styðjast við 7. kafla í bókinni *Margt er um að velja, að átta sig á skólakerfinu*.

Samantekt

Við lok þessa hluta ættu nemendur að hafa áttað sig á

- mikilvægi þess að grípa tækifæri sem gefast.
- að þeir geta sjálfir skapað sín eigin tækifæri.
- mætti jákvæðrar hugsunar.
- að árangur krefst vinnuframlags fremur en heppni.

7. hluti – Skólakerfið

Efni/verkfæri: Nettengdar tölvur eða útprentaðar upplýsingar af heimasíðum framhaldsskólanna.

Verkefni: Framhaldsskólar á Íslandi, Áhugakönnun, Menntavegurinn, Bekkjarkerfi eða áfangakerfi.

Fylgiskjöl: Um bekkjar- og áfangakerfi.

Annað efni:

Margt er um að velja, vefefni (verkefnin Leitað – fundið og Áhugaverð störf)

Margt er um að velja – Fyrirætlanir mínar

Klárari en þú heldur

Tenglar: www.menntagatt.is, heimasíður framhaldsskólanna, www.menntamalaraduneytid.is (stofnanir), www.bendill.is (velja starfslýsingar – dæmi um störf og velja svo allar fyrir framan hvern bókstaf sem þar kemur upp), www.idan.is, www.idnadarraduneytid.is (lög og reglugerðir), <http://www.althingi.is/lagas/137/2008092.html> (ný framhaldsskólalög).

Meginmarkmið þessa hluta eru að nemendur

- fræðist um mismunandi námsleiðir og námsframboð í framhaldsskólum.
- kanni eigin áhuga og væntingar í tengslum við nám og störf.
- verði sjálfbjarga við upplýsingaleit um nám.
- átti sig á að tengsl eru á milli menntunar og starfa.

Kveikja/umræða

Skólanum er ætlað að búa nemendur undir líf og störf í lýðræðisþjóðfélagi. Stundum eiga nemendur þó erfitt með að koma auga á tilgang og nytsemi námsins. Til að sýna nemendum fram á að námið muni nýtast þeim síðar meir má spyrja þá spurninga eins og:

- Í hvaða störfum skiptir máli að hafa góða þekkingu á erlendum tungumálum?
- Í hvaða störfum skiptir máli að tala gott og skýrt mál?
- Í hvaða störfum skiptir máli að vera handlaginn?
- Í hvaða störfum skiptir máli að vera skapandi?
- Í hvaða störfum skiptir máli að hafa þekkingu á stærðfræði? (o.s.frv.)

Skólakerfið – umræða

Meginstefnan í íslensku skólakerfi er að allir hafi jafnan rétt til að afla sér menntunar. Til að tryggja þennan rétt er skólaskylda frá 6 til 16 ára aldurs.

Því til viðbótar eiga allir nemendur rétt á framhaldsskólavist frá því þeir ljúka grunnskólanámi, eða hafa náð 16 ára aldri, og til 18 ára aldurs.

- Hvers vegna haldið þið að skólaskylda sé á Íslandi til 16 ára aldurs?
- Hvaða kosti/galla sjáið þið við að hafa skólaskyldu?
- Hvaða munur haldið þið að sé á grunnskólanámi og framhaldsskólanámi?
- Hvers konar framhaldsskólanám er í boði?
- Hver er tilgangurinn með framhaldsnámi eftir grunnskóla, t.d. starfsnámi, verknámi, listnámi og bóknámi?
- Hver er tilgangurinn með háskólanámi?
- Hvaða þættir geta haft áhrif á það hvort ungmenni geti stundað framhaldsnám? (Hér má benda á að efnahagur og búseta geta t.d. skipt máli.)
- Hvers vegna er mikilvægt að allir hafi jöfn tækifæri til náms?
- Hvað er til ráða ef nám sem maður hefur áhuga á er ekki kennt nálægt heimabyggð?

Á Menntagátt, www.menntagatt.is, og á vef Menntamálaráðuneytisins, www.menntamalaraduneytid.is, undir hnappnum *stofnanir*, er að finna upplýsingar um alla framhaldsskóla á Íslandi. Á Menntagátt er jafnframt yfirlit yfir þær brautir sem skólarnir bjóða upp á og ýmsar upplýsingar um framhaldsskóla almennt, t.d. námskrá. Það er mikilvægt að nemendur læri á umhverfi Menntagáttar þar sem þeir munu síðar innritast í framhaldsskóla í gegnum þá síðu. Mælt er með því að þeir hafi fengið tækifæri til að kynna sér síðuna áður en farið er í næsta verkefni eða geri það samhliða því.

Verkefni

Framhaldsskólar á Íslandi

Framhaldsskólar á Íslandi

Nafn þitt: _____

Hvern konar skólur (eða háskólur), menntakólur, fjárfestakólur...? _____

Hvaða námsbrautir hefur þú valið til næsta skóla? _____

Höfundur þess um menntamálaáhrif á þig hefur verið þessi þú: _____

Hvað er til ráða ef verkefni þín hefur ekki verið upplýst? _____

Er þú búsköttur eða áfangaköttur í dýraverki? _____

Hvað hefur þú gert til að hjálpa nemendum frá öðrum löndum? _____


Hvaða möguleika getur þú séð fyrir þig með tilliti til framhaldsskólavistar eða starfa? _____

Annar vefur þar þú áttir _____

Að grunnskóla loknum geta nemendur valið um ríflega 100 mismunandi námsbrautir sem allar veita tækifæri til frekara náms. Þegar nemendur sækja um framhaldsskóla er mikilvægt að þeir hafi kynnt sér námsframboð og hugleitt það í ljósi áhuga, hæfni og markmiða sem þeir hafa sett sér um framtíðina. Því fleiri möguleika sem þeir þekkja því ígrundaðri ætti umsókn þeirra um framhaldsskóla að verða.

Nemendur velja og kynna sér einn framhaldsskóla sem býður upp á hefðbundið bóknám til stúdentsprófs og annan sem býður upp á starfstengt nám. Annar skólinn á helst að vera í heimabyggð nemenda eða nágrenni (verði því við komið). Þegar nemendur hafa valið sér skóla safna þeir upplýsingum af heimasíðu skólanna um námsbrautir, inntökuskilyrði, náms tíma o.fl. og skrá hjá sér á verkefnablað. Kennari gæti verið búinn að prenta út

Draumastarfið er: Að reka eigin hárgreiðslustofu



og teikna eða skrifa á hann námsleiðina og helstu upplýsingar sem þeir safna á leiðinni. Ekki er víst að tengslin milli náms og þess starfs sem viðkomandi ætlar að kynna sér séu alltaf skýr. Ef svo er þarf nemandi að kynna sér hvaða þættir eru mikilvægir í viðkomandi starfi og hugsa sér svo námsleið sem hann telur að myndi undirbúa hann nægilega vel til að geta sinnt því.

Samantekt

Við lok þessa hluta ættu nemendur að

- þekkja helstu námsbrautir sem boðið er upp á í framhaldsskólum.
- þekkja mismunandi skólagerðir, s.s. menntaskóla, fjölbrautaskóla og verknámsskóla.
- gera sér grein fyrir því að tengsl eru á milli menntunar og starfa, þótt þau séu ekki alltaf augljós.
- vera nokkru nær um það hvar áhugi þeirra liggur með tilliti til náms og starfa.

Um bekkjar- og áfangakerfi

Áfangakerfi – helstu einkenni

- Skólaárið skiptist í tvær annir.
- Hvorri önn lýkur með jafn mikilvægum prófum.
- Náminu er skipt niður í áfanga sem merktir eru með bók- og tölustöfum t.d. ísl. 102 eða danska 303.
- Fyrir hvern áfanga fær nemandinn ákveðinn fjölda eininga ef hann nær skilgreindu lágmarki (síðasti tölustafurinn í nafni áfanga segir til um hve margar einingar hann gefur). Einingum er safnað saman þar til stúdentsprófi er náð.
- Á bóknámsbrautum eru nú 140 einingar sem skiptast í: kjarna (98 einingar), kjörsvið (30 einingar) og frjálst val (12 einingar).
- Hverri námsbraut fylgja skylduáfangar eða kjarni en síðan velja nemendur sér áfanga sem geta bæði verið bundnir námsbrautinni og/eða af öðrum námsbrautum.
- Námshraði er mismunandi og því hægt að ljúka prófi eftir mislangan námstíma.
- Hægt er að halda áfram í þeim greinum þar sem lágmarki er náð en taka aftur þá áfanga sem nemandinn stóðst ekki.
- Möguleiki er að ljúka námi á fleiri en einni braut.

Bekkjarkerfi

- Nemendum er skipt í bekki sem fylgjast að allan veturinn.
- Námsgreinar eru heils vetrar og ákveðnar fyrir fram.
- Fyrsta árið er nær eins hjá öllum nemendum en aðgreinist síðan eftir brautarvali nemenda.
- Nemendur verða að standast ákveðin viðmið í einkunn að vori til að fá að halda áfram næsta skólaár eða taka endurtökupróf.
- Lokapróf í hverri grein er stúdentspróf.
- Námstími er sá sami hjá öllum nemendum, þrjú til fjögur ár.

8. hluti – Að sækja um skóla/ Innritun í framhaldsskóla

Efni/verkfæri: aðgangur að Netinu er nauðsynlegur.

Verkefni: Menntagátt, Hvaða skóli?

Tenglar: www.menntagatt.is, [www.facebook.com-innritun í framhaldsskóla](https://www.facebook.com-innritun-í-framhaldsskóla),
www.menntamalaraduneyti.is, www.namogvinna.is

Meginmarkmið þessa hluta eru að nemendur

- kynni sér starf þeirra framhaldsskóla sem þeim finnst eftirsóknarverðir.
- kynni sér vel innritunarreglur framhaldsskólanna.
- öðlist skýrari mynd af því hvaða framhaldsskóla þeir vilji sækja um inngöngu í.

Reglur um innritun breytast nokkuð ört. Því er gert ráð fyrir að þessi kafli sé tekinn fyrir með nemendum þegar reglur um innritun liggja fyrir á vorönn í 10. bekk.



Kveikja/umræða

Á þessum tímapunkti gæti verið gott að kanna aftur hverjir eru búnir að ákveða í hvaða framhaldsskóla þeir ætla að sækja um, hverjir hafa einhverjar hugmyndir og hverjir eru enn alveg óákveðnir. Ætla allir í framhaldsskóla? Ef ekki, hvað ætla þeir þá að taka sér fyrir hendur?

Umræða – innritun í framhaldsskóla

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla eiga þeir sem lokið hafa grunnskólanámi eða hafa náð 16 ára aldri rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Yfirvöldum ber einnig að tryggja öllum 16 og 17 ára nemendum skólavist sem þess óska. Þetta þýðir að þeir nemendur sem eru að ljúka 10. bekk eiga rétt á því að hefja nám í framhaldsskóla að grunnskóla loknum hver svo sem námsárangur þeirra kann að vera.

- Skiptir námsárangur máli þegar sótt er um framhaldsskóla? Hvers vegna? Hvers vegna ekki?
- Skiptir ástundun í grunnskóla máli þegar sótt er um vist í framhaldsskóla?
- Hafa nemendur ákveðið um hvaða námsbraut þeir ætla að sækja?
- Hvers vegna skiptir val á námsbraut miklu máli?
- Hvenær á að sækja um í framhaldsskóla?
- Hvar á að sækja um í framhaldsskóla og hvernig?

Í verkefnunum sem hér fara á eftir eru nemendur hvattir til þess að kynna sér vel framhaldsskóla sem þeim finnst eftirsóknarverðir auk þeirra reglna sem gilda um innritun í þá. Innritunarreglur breytast reglulega og því verða þær ekki tíundaðar hér heldur vísað á síðuna www.menntagatt.is. Þar fást upplýsingar um þær innritunarreglur sem gilda hverju sinni. Á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins, www.menntamalaraduneyti.is, er að finna gildandi lög og reglugerðir um framhaldsskóla og innritun. Námsráðgjafar í grunnskólum búa einnig yfir nýjustu upplýsingum um þessi mál og ættu að geta miðlað til nemenda. Á vefnum www.namogvinna.is, sem er gagnabanki fyrir náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum, eru tenglar að upplýsingum um nám á öllum skólastigum.

Menntagátt

Fyrir skólið í reitnum í framhaldsskóla er að kynna sér verkefni þess umskilnaðs. Þú munt náms- og starfsráðgjafa þess þú kengst á eftir upplýsingar um reitarnar og á vefsíðu www.menntagatt.is er að finna allar þær upplýsingar sem þú þarft til þess að geta leyst verkefnið vel.

Hvaða áttenu er þú gátt um reitnum í framhaldsskóla?

Hvar vakir maður um framhaldsskóla?

Hvað á að veita marga skóla?

Hvar er reitnum í reitnum?

Verður þú að endurskoða val sitt eftir og þá þess?

Þú átt vanda stöðu tilgjafi með umskilnaði?

Hvað er val þitt, þú stöðvast á þessum?

Hvar er þú að líta á þess á þess?

Verkefni Menntagátt

Nemendur fara inn á vefsíðuna www.menntagatt.is. Þar eiga þeir að finna allar þær upplýsingar sem þeir þurfa til að geta leyst verkefnið. Nemendur svara spurningum á verkefnablað og eiga að því loknu að vera öruggari með umsóknarferlið.

Heimsóknir í framhaldsskóla – Opin hús

Flestir framhaldsskólar bjóða grunnskólanemum að koma á svokölluð opin hús. Þar kynna skólarnir námsframboð, félagslíf og ýmislegt annað tengt skólastarfinu. Auglýsingar um opin hús birtast stundum í fjölmiðlum en auk þess fá námsráðgjafar eða aðrir tengiliðir innan grunnskólanna oft upplýsingar um opnu húsin og miðla áfram til nemenda. Heimsókn á opið hús dugar mörgum nemendum til að fá skýrari mynd af skólanum en vilji þeir frekari upplýsingar má benda þeim á að panta viðtal hjá námsráðgjafa í viðkomandi skóla. Foreldrar eru velkomnir á opin hús og ætti að hvetja þá til að mæta með börnum sínum. Framhaldsskólar bjóðast líka oft til þess að koma í heimsókn í þá grunnskóla sem eru í næsta nágrenni. Á þessum tímamarki væri gott að nýta sér slíka heimsókn.

Hvaða skóli?

Þú munt náms- og starfsráðgjafa þess þú kengst á eftir upplýsingar um reitarnar og á vefsíðu www.menntagatt.is er að finna allar þær upplýsingar sem þú þarft til þess að geta leyst verkefnið vel.

Hvaða skóli er þú gátt um reitnum í framhaldsskóla?

Hvar vakir maður um framhaldsskóla?

Hvað á að veita marga skóla?

Hvar er reitnum í reitnum?

Verður þú að endurskoða val sitt eftir og þá þess?

Þú átt vanda stöðu tilgjafi með umskilnaði?

Hvað er val þitt, þú stöðvast á þessum?

Hvar er þú að líta á þess á þess?

Hvaða skóli?

Nú ættu langflestir nemendur að hafa einhverja hugmynd um hvaða skólar höfðu til þeirra. Í þessu verkefni eiga þeir að velja sér a.m.k. þrjá skóla sem þeim finnst koma til greina að innritast í og heimsækja þá ef tök eru á því. Í kjölfar heimildaöflunar eiga þeir að skrifa stutta greinargerð um upplifun sína.



Samantekt

Við lok þessa hluta ættu nemendur að

- hafa fengið allar nauðsynlegar upplýsingar um innritun í framhaldsskóla.
- hafa nokkuð skýra mynd af því í hvaða skóla þeir ætla að sækja um.
- hafa kynnt sér námsframboð og inntökuskilyrði þessara sömu skóla.